

# Úttekt á leikskólanum Múlaborg 2011

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið



*Árný Elíasdóttir og Kristín Björk Jóhannsdóttir*

**ATTENTUS**  
mannauður & ráðgjöf



## Efnisyfirlit

Heildarmat.....	5
Formáli.....	6
1. Inngangur.....	7
1.1. Gagnaöflun.....	7
2. Leikskólinn.....	8
2.1. Áherslur og stefna leikskólans.....	8
Markmið leikskólans Múlaborgar eru að:.....	8
2.2. Rekstur og stjórnun.....	12
2.3. Starfsandi og skólabragur.....	13
2.4. Starfsáætlun.....	14
2.5. Þróunarverkefni.....	14
2.5.1. Menntun verðandi kennara á Múlaborg.....	15
2.5. Lög og reglugerðir.....	15
2.6. Húsnæði og aðbúnaður.....	15
2.6.1. Leikskólinn.....	15
2.6.2. Umhverfi leikskólans og útileiksvæði.....	16
2.7. Mat úttektaraðila.....	16
3. Skólanámskrá leikskóla.....	18
3.1. Skólanámskrá leikskólans Múlaborgar og tengsl við aðalnámskrá.....	18
3.2. Tengsl skólanámskrár skólastefnu sveitarfélags.....	18
3.3. Áhersla á tiltekna þætti.....	19
3.4. Hugmyndafræði.....	19
3.5. Sérstakar námskrár og sérstaða skólans.....	19
3.5.1. Sérstaða leikskólans.....	20
3.5.2. Sérstakar námskrár.....	20
3.6. Þátttaka og áhrif.....	20
3.7. Tengsl skólastiga.....	21
3.8. Mat úttektaraðila.....	21
4. Námsvið og námsþættir aðalnámskrár.....	23
4.1. Hreyfing.....	23
4.2. Málrækt.....	23
4.3. Myndsköpun.....	24
4.4. Tónlist.....	25
4.5. Náttúra og umhverfi.....	25
4.6. Menning og samfélag.....	25

4.7.	Mat úttektaraðila .....	26
5.	Dagskipulag og innra starf á leikskólanum .....	27
5.1.	Uppeldi og menntun – dagskipulag á leikskólanum .....	27
5.2.	Hópatímar .....	27
5.3.	Leikurinn.....	28
5.4.	Leikefni og efniviður .....	28
5.5.	Mat úttektaraðila .....	28
6.	Innra mat.....	30
6.1.	Mat úttektaraðila .....	30
7.	Mannauður.....	31
7.1	Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun.....	31
7.2.	Verkaskipting og starfslýsingar .....	32
7.3.	Starfsþjálfun og símenntun .....	32
7.4.	Fundir og boðskipti .....	33
7.5.	Jafnrétti .....	33
7.6.	Mat úttektaraðila .....	34
8.	Börnin .....	35
8.1.	Líðan .....	35
8.2.	Lýðræði .....	35
8.3.	Mat úttektaraðila .....	35
9.	Foreldrar .....	36
9.1.	Foreldraráð .....	36
9.2.	Foreldrafélag .....	37
9.3.	Lýðræði og þátttaka .....	37
9.4.	Samskipti heimilis og leikskólans.....	37
9.5.	Mat úttektaraðila .....	38
10.	Sérkennsla barna og sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins.....	39
10.1.	Samstarf sérfræðiþjónusta sveitarfélags og ríkis .....	39
10.2.	Mat úttektaraðila .....	40
11.	Mat og eftirlit sveitarfélagsins .....	41
11.1.	Mat úttektaraðila .....	41
12.	Niðurstöður höfunda .....	42
12.1	Styrkleikar og veikleikar, ógnanir og tækifæri .....	42
12.2.	Tillögur til úrbóta.....	42
13.	Heimildaskrá.....	43

## Heildarmat

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir úttekt á leikskólanum Múlaborg. Markmið hennar er að meta starfsemi skólans út frá gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Lagt er mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins og gerð grein fyrir því hvernig innra mat leikskólans og ytra mat og eftirlit sveitarfélagsins nýtist honum. Þá er ráðgjafarverkefni um endurgjaldslausa ráðgjöf vegna fjölfatlaðra og einhverfra barna metið og hvernig styrk, sem verkefnið fékk frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, hefur verið ráðstafað.

Úttektin leiðir í ljós að mjög faglegt starf fer fram á Múlaborg. Skólinn hefur skýra stefnu og markmið sem eru í góðu samræmi við aðalnámskrá leikskóla og stefnu Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar. Stjórnun er mjög markviss og trú stefnu skólans og skólinn uppfyllir kröfur aðalnámskrár um námssvið og námsþætti. Starfsandi er góður og í skólanum ríkir mikil metnaður til þess að framkvæma stefnu hans um skóla án aðgreiningar og jafnrétti. Leikskólinn er brautryðjandi í sameiginlegu uppeldi fatlaðra og ófatlaðra barna og sinnir þar fjölbreyttri ráðgjöf sem hefur m.a. gagnast öðrum leikskólum vel. Mikil þróun á sér stað í leikskólanum og um það vitna m.a. samstarfssamningar og verðlaun fyrir ýmis verkefni.

Hjá foreldrum kom fram mikil ánægja með leikskólann. Foreldraráð og foreldrafélag eru virk og foreldrar vinna með starfsfólki að einstaklingsnámskrá barna sinna. Börnunum virðist líða vel en taka ekki nægan þátt í ákvörðunum en skólinn undirbýr það nú að þau geti haft meira um val viðfangsefna að segja. Starfslýsingar eru til fyrir öll störf, starfsmannahandbók er ítarleg og sífellt endurmat fer fram á starfinu. Skólanámskrá er á margan hátt vel unnin en þarf að skilgreina betur markmið og leiðir skólastarfsins og samræma þarf þær upplýsingar sem fram koma í námskrá og á heimasíðu. Húsnæði er mjög rúmgott. Niðurskurður hefur leitt til ýmissa breytinga í starfseminni en skólinn hefur fundið leiðir til þess að draga úr áhrifum hans. Foreldrafundir eru nú haldnir innan starfstíma leikskólans en foreldrar töldu erfiðara en áður að fá frí úr vinnu til þess að sækja fundi eða aðra viðburði á vinnutíma.

Styrkleikar Múlaborgar liggja m.a. í skýrri uppeldislegri sýn, sterkum faglegum leiðtoga, meðvitund starfsfólks um stefnu og sérstöðu skólans og þátttöku þess í stefnumótun, vel menntuðu starfsfólki, fjölbreyttu þróunarstarfi, fjölmenningu og margbreytileika og góðri samvinnu við foreldra um uppeldi barnanna. Helstu veikleikar eru þeir að móttaka og þjálfun nýrra starfsmanna er ekki samræmd. Þá þarfnast húsnæðið viðhalds.

Tillögur til úrbóta eru þær að endurskoða þarf skólanámskrá m.t.t. markmiða og leiða, samræma upplýsingar í námskrá og á heimasíðu og móttöku nýrra starfsmanna og skoða hvort hægt sé að fjölga leikskólakennurum til samræmis við hlutfall í Reykjavík.

## Formáli

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir úttekt á leikskólanum Múlaborg. Úttektin er unnin á vegum Attentus – mannauður og ráðgjöf - fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Höfundar skýrslunnar eru Árný Elíasdóttir og Kristín Björk Jóhannsdóttir.

Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, börnum og foreldrum fyrir aðstoðina við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 31. mars 2011.

Árný Elíasdóttir, Kristín Björk Jóhannsdóttir.

## 1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leikskólanum Múlaborg. Úttektin er gerð á grundvelli 20. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á leikskólastigi. Markmið hennar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni er m.a. lagt mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins auk þess sem gerð er grein fyrir því hvernig innra mat skólans og ytra mat og eftirlit Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar nýtist leikskólanum. Þá er lagt mat á ráðgjafarverkefni um endurgjaldslausu ráðgjöf vegna fjölfatlaðra og einhverfra barna og hvernig styrk, sem verkefnið fékk frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, hefur verið ráðstafað.<sup>1</sup>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannauði og ráðgjöf, Árnýju Elíasdóttur og Kristínu Björk Jóhannsdóttur, að gera úttektina. Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir leikskólanum Múlaborg og niðurstöðum úttektarinnar og gerð grein fyrir styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum skólans. Að lokum er samantekt á niðurstöðum og tillögur til úrbóta.

### 1.1. Gagnaöflun

Tekin voru viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og skrifstofustjóra Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar. Þá var fundað með deildarstjórum og þroskaþjálfum og rýnihópi leikskólakennara, leiðbeinenda og starfsmanna. Einnig var spjallað við hóp nemenda í eldri deild skólans og fundað með foreldraráði og fulltrúum úr foreldrafélagi.

Markmiðið með viðtölunum og rýnihópunum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila á starfi leikskólans og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Auk ofangreindra viðtala, rýnihópa, funda og vettvangsskoðunar byggir úttektin á lögum og reglugerðum um leikskóla, skólanámskrá leikskólans og gögnum um starfsemi hans (sjá nánar í heimildaskrá).

---

<sup>1</sup> Úr erindisbréfi til úttektaraðila 28.01.2011.

## 2. Leikskólinn

Leikskólinn Múlaborg var formlega stofnaður árið 1975 og var byggður af Reykjavíkurborg.<sup>2</sup> Samkomulag á milli Reykjavíkurborgar og Barnavinafélagsins Sumargjafar, sem sá um rekstur leikskóla í Reykjavíkurborg á þeim tíma, kvað á um það að ein af deildum leikskólans yrði afhent Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra til rekstrar fyrir börn með hreyfihömlun. Þetta fyrirkomulag var við lýði þar til í janúar 1978 er Reykjavíkurborg yfirtók rekstur leikskóla Sumargjafar og 1. maí sama ár yfirtók borgin enn fremur rekstur sérdeildar leikskólans Múlaborgar. Í dag starfar leikskólinn samkvæmt stefnu um heiltækan skóla og skóla án aðgreiningar.

Múlaborg er heilsárs leikskóli og hefur aðsetur að Ármúla 8a í Reykjavík. Leikskólinn er fjögurra deilda og ætlaður börnum á aldrinum eins til sex ára. Í leikskólanum geta verið 78 börn og sérstaklega er gert ráð fyrir því að átta fötluð börn geti verið í þessum hópi.<sup>3</sup> Frá og með 1. mars 2011 er þó 81 barn á Múlaborg. Að sögn stjórnenda er ástæða þess sú að mikil eftirspurn sé eftir plássum fyrir fjölfötluð börn.<sup>4</sup>

Deildir Múlaborgar eru aldurskiptar. Á Hvolpadeild eru 16 börn, fædd árin 2008-2009, á Ungadeild eru 18 börn, fædd árin 2007-2008, á Bangsadeild eru 22 börn, fædd árin 2006-2007 og á Kisudeild eru 24 börn fædd árin 2005-2006.<sup>5</sup> Starfsmenn Múlaborgar eru 31.

### 2.1. Áherslur og stefna leikskólans

Markmið leikskólans Múlaborgar eru að:

- *stuðla að jafnrétti allra barna*
- *koma til móts við þarfir allra barna*
- *stuðla að samvinnu allra fag- og uppeldisstétta*
- *efla félagslegan þroska barna og stuðla að umburðarlyndi og tillitsemi gagnvart öðrum*
- *efla alhliða þroska barnanna og auðvelda þeim þannig að takast á við lífið og framtíðina á ábyrgan hátt<sup>6</sup>*

Eins og segir í skólanámskrá byggir starfsgrundvöllur Múlaborgar á því að leikskólinn sérhæfir sig í sameiginlegu uppeldi fatlaðra og ófatlaðra barna og hefur þá sýn að slíkt uppeldi sé góður kostur fyrir öll börn. Gert er ráð fyrir því að allir séu metnir að eigin verðleikum og fái tækifæri til þess að nýta hæfileika sína. Leikskólinn starfar eftir stefnu um *skóla án aðgreiningar* sem er hugmyndafræði um framkvæmd og skipulag kennslu í skólastarfi sem oft er nefnd *skóli fyrir alla*. Markmið þessa er, eins og segir í skólanámskrá; „að framkvæma hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar á þann hátt að öllum börnum sé

<sup>2</sup> Heimasíða leikskólans Múlaborgar.

<sup>3</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>4</sup> Viðtal við leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>5</sup> Starfsáætlun Múlaborgar 2010-2011.

<sup>6</sup> Heimasíða Múlaborgar 2008. Starfsmannahandbók Múlaborgar 2011.



mætt út frá þörfum þeirra og foreldra þeirra“.<sup>7</sup> Múlaborg er sérhæfður ráðgjafarleikskóli og veitir fagfólki, nemum, foreldrum og öðrum, sem áhuga hafa, ráðgjöf vegna kennslu barna með fötlun.<sup>8</sup>

Í starfsáætlun og skólanámskrá kemur fram að á Múlaborg sé lagður víður skilningur í hugtakið jafnrétti. Lögð sé áhersla á mannréttindi og að fjölmennings- og jafnréttissjónarmiðum sé framfylgt í hvívetna.<sup>9</sup> Markmið starfsins sé einnig að stuðla að samvinnu allra fag- og uppeldisstétta, að efla félagslegan þroska barna, stuðla að umburðarlyndi og tillitsemi gagnvart öðrum, að efla alhliða þroska barnanna og auðvelda þeim þannig að takast á við lífið og framtíðina á ábyrgan hátt.<sup>10</sup> Í viðtali við stjórnendur kom það fram að sérstök áhersla sé lögð á félagsþroska barna.<sup>11</sup>

Skólinn tekur mið af hugmyndafræði heiltækrar skólastefnu sem byggir á kenningum ýmissa fræðimanna, t.d. Jean Piaget, Howard Gardner, Hafdísar Guðjónsdóttur og Lev Vygotsky.<sup>12</sup> Stjórnendur leikskólans sögðu að hugmyndafræði fyrrnefndra fræðimanna hefði verið valin til þess að styðja við stefnu leikskólans um skóla án aðgreiningar. Þeir töluðu um það að verið væri að þróa stefnuna og kölluðu eftir því að gerð yrði rannsókn á kostum og göllum hennar.<sup>13</sup>

Stjórnendur sögðu stefnu leikskólans um skóla án aðgreiningar framfylgt með því að skipuleggja umhverfið þannig að það tæki mið af þörfum allra. Markmiðið væri að mæta einstaklingnum þar sem hann væri staddur hverju sinni og leggja síðan áherslu á það að vinna út frá því með þarfir hvers og eins að leiðarljósi.<sup>14</sup> Þetta er í samræmi við aðalnámskrá leikskóla, en þar segir að leikskólinn eigi að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum.<sup>15</sup> Í stefnu og starfsáætlun Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar er m.a. lögð á áhersla á nám við hæfi hvers og eins, skapandi leikskólastarf, fjölbreytni í vali og sveigjanleika.<sup>16</sup>

Í úttektinni kom fram að þeir starfsmenn sem rætt var við virðast vel meðvitaðir um þá uppeldislegu sýn sem kemur fram í stefnumörkun leikskólans<sup>17</sup> og að áherslur og stefna

<sup>7</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008, bls. 4.

<sup>8</sup> Heimasíða leikskólans Múlaborgar.

<sup>9</sup> Starfsáætlun Múlaborgar 2010-2011.

<sup>10</sup> Heimasíða Múlaborgar. Skólanámskrá Múlaborgar. Starfsáætlun Múlaborgar.

<sup>11</sup> Viðtal við leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>12</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>13</sup> Viðtal við leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>14</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 23. febrúar 2011.

<sup>15</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999.

<sup>16</sup> Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2010.

<sup>17</sup> Viðtal við deildarstjóra. 24. febrúar 2011.

leikskólans taki mið af jafnrétti þar sem hver einstaklingur fái að njóta sín á eigin forsendum og horft sé til styrkleika hvers og eins.<sup>18</sup>

Um jafnrétti segir í skólanámskrá að unnið sé eftir lögum um jafna stöðu kynjanna.<sup>19</sup> Í leikskólanum er margt gert til þess að stuðla að jafnrétti og jafna kynjahlutfall. Í starfsmannahópnum hafa m.a. verið umræður og fræðsla á starfsmannafundum um það hvernig hægt væri að stuðla að því að karlmenn sæktu um starf í leikskólanum og hverjir væru kostir þess. Lögð er áhersla á það að fá karlmenn til starfa og hefur það gengið vel að mati stjórnenda. Þeir bentu á hlutfall karla í starfsmannahópnum því til staðfestingar, en sjö karlmenn starfa nú við skólann. Starfsmenn hafa fengið fræðslu um jafnrétti í tengslum við þróunarverkefnið; *Jafnrétti í skólum: Það læra börnin sem fyrir þeim er haft árið 2008* en þar var unnið með jafnrétti með börnunum.<sup>20</sup> Leikskólinn Múlaborg fékk hvatningarverðlaun frá Leikskólaráði Reykjavíkurborgar árið 2010 fyrir verkefnið.

### 2.1.1. Sérhæfður ráðgjafarleikskóli

Múlaborg er sérhæfður ráðgjafarleikskóli og veitir fagfólki, nemum, foreldrum og öðrum áhugasömum ráðgjöf vegna kennslu barna með fötlun.<sup>21</sup> Ráðgjöfina veita leikskólastjóri og sérkennslustjóri. Veitt er ráðgjöf og fræðsla um eftirfarandi þætti:

1. **Hreyfihömluð börn í leikskólastarfi** með áherslu á umferli og námsumhverfi.
2. **Óhefðbundin tjáskipti.**
  - a. Mál og tjáning örvuð, t.d. með PCS (**P**icture **C**ommunication **S**ymbols) myndum á lituðum bakgrunni sem eru notaðar sérstaklega fyrir börn með skerta einbeitingu, einhverfu, tvítýngi eða aðrar tjáskiptaörðugleika.
  - b. Tákn með tali. Reynsla Múlaborgar.
  - c. Myndrænt dagskipulag í formi PCS mynda.
3. **Skipulögð kennsla** (TEACCH) sem er aðferð sem Múlaborg vinnur eftir í kennslu einhverfra barna.
4. **Reynsla af margs konar fötlunum.**
5. **Námsgögn.** Múlaborg hefur þróað kennslugögn um óhefðbundin tjáskipti og samskiptabækur sem eru ætlaðar börnum með fötlum og/eða langveikum börnum. Gögnin eru til sölu í leikskólanum.

<sup>18</sup> Viðtal við deildarstjóra Múlaborgar 24. febrúar 2011.

<sup>19</sup> Starfsáætlun Múlaborgar 2010-2011.

<sup>20</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra.

<sup>21</sup> Heimasíða Múlaborgar. Slóð: <http://mulaborg.is>.

Skólinn fékk styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu árið 2009 svo hann gæti veitt þessa ráðgjöf endurgjaldslaust.<sup>22</sup> Styrkurinn hefur verið nýttur í ráðgjöf og fræðslu til leikskóla á vettvangi, en einnig hefur fræðsla farið fram á Múlaborg í heimsóknum m.a. nemenda, erlendra gesta og starfsfólks annarra leikskóla. Á tímabilinu frá mars 2009 til desember 2010 hafa um 20 íslenskir leikskólar, nokkrir danskir og norskir, einn frá Lettlandi og einn frá Bandaríkjunum þegið ráðgjöf og fræðslu Múlaborgar, auk annarra hópa Íslendinga og útlendinga. 13 sinnum fengu nemendur á menntavísindasviði Háskóla Íslands fræðslu og/eða heimsóttu skólann og nokkrum sinnum voru haldnir fyrirlestrar á Leikskólasviði Reykjavíkurborgar og í þjónustumiðstöð.<sup>23</sup> Múlaborg hefur átt samstarf við leikskólann Sólborg um samræmingu vinnuaðferða vegna ráðgjafarhlutverks skólanna.<sup>24</sup>

Úttektaraðilar höfðu samband við sex leikskóla, sem höfðu fengið ráðgjöf Múlaborgar, til þess að afla frekari upplýsinga um hana. Fram kom að þeir sem veittu ráðgjöfina hefðu verið vel í stakk búnir til þess að veita hana. Þeir byggju yfir mikilli reynslu og ráðgjöfin hefði í flestum tilfellum nýst vel. „Ágætlega, sumt gátum við notað og annað ekki, eins og gengur. Alltaf nýtist vel sögur af því sem aðrir hafa prófað.“ „Áhugi þeirra og gleði yfir starfi sínu skilaði sér vel til okkar.“ Þegar spurt var að því hvort slík ráðgjöf ætti að vera til staðar fyrir leikskólana og þá hvers vegna, kom fram að mikilvægt væri að geta leitað til skóla sem byggju yfir mikilli reynslu og nýta á þann hátt þann mannauð sem til staðar væri í leikskólum borgarinnar. Gott væri að geta talað við „fólkið sem vinnur á gólfinu og hefur reynt á eigin skinni það sem ráðgjafar á þjónustumiðstöðvum og GRR eru að segja“.

Fram kom í viðtali við leikskólastjóra og sérkennslustjóra að þeir litu á hlutverk skólans sem ráðgjafarskóla sem endurmenntun og þróun og því væru þeir stöðugt að lesa og bæta við sig faglegri þekkingu. Styrkur, sem mennta- og menningarmálaráðuneytið veitti Múlaborg, hafi verið nýttur til þess að þróa starfið og standa straum af kostnaði við það, m.a. vegna námsgagnagerðar og greiðslna til skólastjóra og sérkennslustjóra fyrir undirbúning utan vinnutíma. Stjórnendur sögðu að styrkveitingin hefði verið mikil viðurkenning fyrir skólann og sýndi um leið fram á nauðsyn þess að skólinn fengi meira fjármagn til þess að geta sinnt ráðgjafarhlutverki sínu. Það væri mat þeirra að æskilegt væri að skólinn hefði a.m.k. 25% stöðugildi til þess að geta sinnt því eins og æskilegt væri.<sup>25</sup>

<sup>22</sup> Erindisbréf vegna úttektar á leikskólanum Múlaborg.

<sup>23</sup> Ráðgjöf og heimsóknir á Múlaborg 2009-2010. Samantekt leikskólastjóra.

<sup>24</sup> Starfsáætlun Múlaborgar 2010-2011.

<sup>25</sup> Viðtal við leikskóla- og sérkennslustjóra 24. febrúar 2011.

## 2.2. Rekstur og stjórnun

*Við leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraraðila. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli ... Leikskólastjóri gerir rekstraraðila og bæjarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu.<sup>26</sup>*

*Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.<sup>27</sup>*

Reykjavíkurborg ber ábyrgð á starfsemi leikskólans lögum samkvæmt<sup>28</sup> og rekur hann. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar segir að Leikskólasvið Reykjavíkurborgar fari með stjórnýsly á fyrsta skólastiginu, leikskólanum. Undir sviðið heyrir rekstur 78 leikskóla<sup>29</sup> og er Múlaborg einn af þeim. Leikskólastjóri ber ábyrgð á starfsemi leikskólans og er aðstoðarleikskólastjóri staðgengill hans.

Samkvæmt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er við stjórnun leikskólans lögð áhersla á hreinskilni í samskiptum og að virkja fólk í því að fylgja eftir þeirri stefnumörkun skólans sem fram kemur í skólanámskrá.<sup>30</sup> Í viðtali við deildarstjóra kom fram að leikskólastjóri hefði ákveðnar skoðanir á stefnu skólans og hvernig framfylgja ætti henni og að hann fylgdi því vel eftir að unnið væri samkvæmt stefnu hans. Deildarstjórar sögðu að hægt væri að ræða við skólastjórann um allt það sem viðkæmi stefnunni og tekið væri tillit til skoðana þeirra.<sup>31</sup> Þeir leiðbeinendur sem rætt var við sögðust ánægðir með stjórnunina og að tillit væri tekið til tillagna þeirra og hugmynda sem varða innra starfið. Þeir töldu einnig að stjórnskipulagið væri skýrt og það væri ljóst hver stjórnaði hverju. Þeir sögðust frekar leita til leikskólastjóra um fagleg málefni en til aðstoðarleikskólastjóra með persónuleg mál. Leiðbeinendur höfðu orð á því að stundum væri erfitt að fá tíma hjá leikskólastjóra til þess að ræða við hann, því hann hefði mikið á sinni könnu.<sup>32</sup>

Í viðhorfskönnun Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2010 meðal starfsmanna Múlaborgar koma flestir þættir í stjórnun leikskólans út á svonefndu styrkleikabili ( $\geq 4,2$  af 5) eða nálægt því (4,0) og höfðu flestir þeirra hækkað frá fyrra ári. Fram kom í viðtali við foreldra í foreldraráði og stjórn foreldrafélags að þeir væru ánægðir með stjórnun leikskólans og þar væri allt í öruggu ferli.<sup>33</sup> Starfslýsingar fyrir öll störf er að finna í starfsmannahandbók.<sup>34</sup>

<sup>26</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008.

<sup>27</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008, 4.gr.

<sup>28</sup> Lög um leikskóla 90/2008, 4. gr.

<sup>29</sup> Heimasíða Reykjavíkurborgar. [http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3806/6354\\_view-2282/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3806/6354_view-2282/)

<sup>30</sup> Viðtal við leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra 24.febrúar 2011.

<sup>31</sup> Viðtal við deildarstjóra 24.febrúar 2011.

<sup>32</sup> Viðtal við leiðbeinendur 25.febrúar 2011.

<sup>33</sup> Viðtal við foreldra 25. febrúar 2011.

<sup>34</sup> Starfsmannahandbók Múlaborgar.

Samkvæmt stefnu og starfsáætlun leikskólasviðs Reykjavíkurborgar á að fylgja eftir fjárhagsáætlun með markvissum hætti.<sup>35</sup> Stjórnendur segja leikskólanum úthlutað ákveðnu fjármagni til ráðstöfunar á ársgrundvelli og skýrt sé hvað hver þáttur starfseminnar má kosta og ber leikskólastjóra að halda sig innan þessa ramma. Heimilt er að flytja fjármagn á milli flokka, en þó með vissum skilyrðum. Í samvinnu við nokkra leikskóla í Reykjavík hefur leikskólastjóri ráðgjafa af menntasviði sér til aðstoðar í tengslum við fjármálastjórn skólans. Múlaborg hefur ávallt staðið skil á ársáætlun og fjárhagsáætlun.<sup>36</sup>

### 2.3. Starfsandi og skólabragur

Markmið starfsmannastefnu leikskólans er að byggja upp sterkan starfshóp með áherslu á það að ná fram góðri samvinnu allra fag- og uppeldisstétta. Til þess að unnt sé að ná markmiðum stefnunnar er mikilvægt að starfsmenn séu meðvitaðir um hlutverk sitt í samskiptum hver við annan og við börnin. Unnið hefur verið að því að efla liðsandann með ýmsum uppákomum sem starfsfólk sér um að skipuleggja og framkvæma. Þar má nefna fjölmeningarkvöld, vinaviku, skemmtiferðir o.fl.<sup>37</sup> Stjórnendur segja starfsanda mjög góðan og sérstaklega hafi verið unnið að því að bæta hann og efla samskipti á milli starfsmanna, m.a. með ýmsum uppákomum og ferðalögum.<sup>38</sup> Starfsmenn þeir sem rætt var við töldu það einn af styrkleikum Múlaborgar að þar væri gott samstarf á milli starfsmanna og þeim væri hrósað fyrir það sem vel er gert.<sup>39</sup>

Könnun um liðsheild og starfsanda var gerð innan leikskólans vorið 2010. Starfsmenn voru m.a. beðnir um að nefna þrjú atriði sem þeim þætti jákvæð við það að vinna á Múlaborg og nefndu flestir góðan starfsanda, góða stefnu eða starf og góðar aðstæður. 90% starfsmanna svöruðu því játandi að þeir fengju að njóta sín sem starfsmenn á Múlaborg og 10% svöruðu því til að svo væri oftast nær. Aðspurðir um það hvað væri hægt að gera til þess að þeir nytu sín enn betur í starfi, þá nefndu starfsmenn oftast að undirbúningstíma vantaði svo og regluleg viðtöl við leikskólastjóra/deildarstjóra. Leikskólasvið Reykjavíkurborgar lagði viðhorfskönnun fyrir starfsfólk leikskólans í apríl 2010. Niðurstöður voru almennt jákvæðar en það sem nefnt var varðandi það sem betur mætti fara, var móttaka nýrra starfsmanna, upplýsingaflæði og of mikið álag í starfinu.<sup>40</sup>

<sup>35</sup> Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2010.

<sup>36</sup> Viðtal við leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011. Viðtal við skrifstofustjóra Leikskólasviðs 11. mars 2010.

<sup>37</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>38</sup> Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og viðtal við deildarstjóra 24. febrúar 2011.

<sup>39</sup> Viðtal við leiðbeinendur 24. febrúar 2011.

<sup>40</sup> Starfsáætlun Múlaborgar 2010-2011. Viðhorfskönnun fyrir Leikskólasvið 2010. Múlaborg.

## 2.4. Starfsáætlun

*Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans.<sup>41</sup>*

Starfsáætlun Múlaborgar fyrir skólaárið 2010-2011 er ítarlegt plagg og þar er gerð grein fyrir árlegri starfsemi og ársmarkmiðum, skóladagatali, innra mati, barnahópnum, starfsmannamálum og foreldrasamvinnu.<sup>42</sup> Foreldraráð hefur rýnt áætlunina og er hún samþykkt af Leikskólasviði Reykjavíkurborgar.<sup>43</sup>

## 2.5. Þróunarverkefni

Í starfsáætlun kemur m.a. fram að gert sé ráð fyrir því að halda áfram að þróa einstaklingsnámskrár í samvinnu við foreldra og að meta „Stóra valið“ og börnin muni taka þátt í því.<sup>44</sup> Önnur þróunarverkefni sem leikskólinn hefur t.d. tekið þátt í er verkefni á vegum sveitarfélaga um jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum skólaárið 2008-2009 sem skólinn fékk verðlaun fyrir. Einnig fékk skólinn verðlaun fyrir stuttmyndina *Á Múlaborg er gaman á stuttmyndahátíð leikskólanna*. Einnig má líta á ráðgjafarhlutverk skólans sem þróun þar sem þeir sem sinna ráðgjöfinni þurfa að halda sér mjög vel við faglega. Öryrkjabandalag Íslands tilnefndi Múlaborg árið 2010 fyrir frumkvöðlastarf í sameiginlegu uppeldi fatlaðra og ófatlaðra barna þar sem allir eru metnir að eigin verðleikum.

Þróaðar hafa verið sérstakar samskiptabækur með leiðbeiningum fyrir öll börn með sérþarfir. Þar eru upplýsingar um barnið, aðstandendur og helstu símanúmer, dagatal, dvalarstað hverju sinni, sjúkdóma barnsins, lyf sem barnið þarf að taka o.fl. Allir sem sjá um barnið fá eintak af bókinni. Múlaborg er að sögn skólastjóra og sérkennslustjóra frumkvöðull að slíkri bók, hún hafi reynst afar gagnleg, margir hafi sýnt framtakinu áhuga og skólinn vilji gjarnan get kynnt það fyrir fleirum,<sup>45</sup>

Á Múlaborg hafa verið þróaðar sérstakar myndamöppur til boðskipta sem hafa nýst vel, m.a. í samskiptum við foreldra tvítyngdra barna. Þá hefur leikskólinn verið frumkvöðull í því að þróa notkun á PCS myndum á lituðum bakgrunni.

<sup>41</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008, 14. gr.

<sup>42</sup> Starfsáætlun Múlaborgar 2010-2011.

<sup>43</sup> Viðtal við leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011. Viðtal við skrifstofustjóra Leikskólasviðs 11. mars 2010.

<sup>44</sup> Starfsáætlun Múlaborgar 2010-2011.

<sup>45</sup> Viðtal við leikskóla- og sérkennslustjóra 24. febrúar 2011.

### 2.5.1. Menntun verðandi kennara á Múlaborg

Múlaborg á í formlegu samstarfi við menntavísindasvið Háskóla Íslands um kennaramenntun. Í því felst að ákveðinn fjöldi nemenda hefur aðgang að leikskólanum vegna æfingakennslu, kynningarheimsókna og þátttöku í undirbúningi og framkvæmd kennslu. Samningurinn gerir ráð fyrir möguleikum leikskólans á samstarfi við menntavísindasvið um þróunarverkefni og rannsóknir. Á Múlaborg er mikill áhugi fyrir því að þessir möguleikar samningsins verði vel nýttir til þróunar skólans og er starfsfólk stolt af samstarfinu við skólann.<sup>46</sup>

## 2.5. Lög og reglugerðir

Stjórnendur voru spurðir að því hvort innleiðing nýrra laga um leikskóla nr. 90/2008 hefði leitt til breytinga á starfsseminni. Þeir sögðu að ný lög hefðu aðeins verið til góðs og nefndu að nú væru t.d. gerðar meiri kröfur til foreldra um þátttöku í innra starfi skólans.<sup>47</sup>

## 2.6. Húsnæði og aðbúnaður

*Samkvæmt 12. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 skal gerð leikskólahúsnæðis skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks.<sup>48</sup>*

### 2.6.1. Leikskólinn

Skýrsluhöfundar skoðuðu húsnæði og umhverfi leikskólans í heimsóknum sínum og studdust einnig við ýmis gögn. Múlaborg er rúmgóður leikskóli og vel búinn tækjum, húsbúnaði og leikföngum. Mjög rúmgóður margnota salur er í skólanum. Honum er skipt niður í þrjú svæði sem notuð eru í tengslum við hreyfingu, myndsköpun og þar er einnig rúmgóður heimiliskrúkur. Á deildum er leikföngum þannig komið fyrir að börnin geti með auðveldum hætti náð í og gengið frá þeim. Í leikskólanum er leikfangasafn, bókasafn og gott safn af spilum. Sérkennslustjóri hefur aðstöðu í herbergi þar sem safn spila er geymt. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri deila skrifstofu. Undirbúningsherbergi er rúmgott og þar eru fjórar tölvur til afnota fyrir starfsmenn. Fataklefar leikskólans eru mjög rúmgóðir og er sérstakur fataklefi fyrir hverja deild.

Það vakti athygli að innra viðhaldi virðist ábótavant og kom þetta einnig fram í viðtölum við starfsmenn, deildarstjóra og foreldra. Í reglubundnu heilbrigðiseftirliti í leikskólanum Múlaborg í nóvember og desember 2010 segir í niðurstöðum eftirlitsins að skrifleg þrifaáætlun og lýsing þurfi að vera til fyrir leikföng, teppi og koddar og kvitta þurfi fyrir þríf

<sup>46</sup> Heimasíða Múlaborgar. Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra.

<sup>47</sup> Viðtal leik- og aðstoðarleikskólastjóra 23. febrúar 2011.

<sup>48</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008.

hverju sinni. Að sögn stjórnenda hefur verið komið til móts við þessar athugasemdir en enn vanti þó sums staðar handlaugar fyrir fullorðna við skiptiaðstöðu barna. Einnig kemur fram að endurnýja þurfi skurðbretti í eldhúsi og hefur það verið gert.<sup>49</sup> Brunavarnir og slökkvitæki hafa verið yfirfarin reglulega og viðbragðsáætlun almannavarna liggur fyrir.<sup>50</sup> Allir sem rætt var við í úttektinni voru samt sammála um það að leikskólinn væri rúmgóður og vel tækjum búinn og var almenn ánægja með það.<sup>51</sup>

## 2.6.2. Umhverfi leikskólans og útileiksvæði

Útileiksvæði er rúmgott og vel búið fjölbreyttum tækjum. Fram kom í viðtali við deildarstjóra að þörf væri á því að grisja trjágróður í garðinum. Þá kom það fram að oft þyrfti að kanna það áður en börnin færu út hvort óviðkomandi hefðu skilið eftir eitthvað það í garðinum yfir nóttina sem gæti skaðað börnin. Starfsfólk hreinsar garðinn á morgnana, hver deild á ákveðið svæði og skráir eftir yfirferð.<sup>52</sup> Leikskólinn er staðsettur í nágrenni fjölda fyrirtækja og fylgir því mikill umferðarpungi og tilsvarandi mengun.<sup>53</sup> Í fataklefum barnanna mátti sjá spjald sem gaf til kynna loftmengun í Reykjavík og þar kom fram að þegar loftmengun færi yfir heilsuverndarmörk færu börnin ekki í útiveru.

Reglubundið heilbrigðiseftirlit á vegum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fór síðast fram í ágúst 2010. Í skýrslu eftirlitsins koma fram kröfur um úrbætur, þ.e. að fjarlægja þurfi möl og sand af stéttum, að stéttir séu missignar við kastala og rennibraut og að framkvæma skuli aðalskoðanir og rekstrarskoðanir árlega.<sup>54</sup> Að sögn stjórnenda hefur ekki verið brugðist við þessu enn, en leikskólastjóri segist ætla að ýta á framkvæmdir eftir að snjóá leysir.

## 2.7. Mat úttektaraðila

- Stefna og markmið leikskólans eru mjög skýr og byggt á hugmyndum margra fræðimanna.
- Stefna leikskólans er í góðu samræmi við aðalnámskrá leikskóla og stefnu Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar.
- Starfsmenn virðast vel meðvitaðir um þá uppeldislegu sýn sem kemur fram í stefnumörkun leikskólans.
- Skólinn sinnir fjölbreyttu ráðgjafarhlutverki sem hefur m.a. gagnast öðrum leikskólum og starfsfólki þeirra og fleiri aðilum vel. Skólinn þarf þó meira fjármagn til þess að sinna því þannig að það bitni ekki á innra starfi skólans sjálfs.

<sup>49</sup> Reglubundið heilbrigðiseftirlit í leikskólanum Múlaborg. Bréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til leikskólastjóra í desember 2010.

<sup>50</sup> Viðbragðsáætlun almannavarna. Múlaborg.

<sup>51</sup> Viðtöl við foreldra, starfsmenn og deildarstjóra í febrúar 2011.

<sup>52</sup> Viðtal við deildarstjóra 25. febrúar 2011.

<sup>53</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 26. febrúar 2011.

<sup>54</sup> Reglubundið heilbrigðiseftirlit á leikskólalóð Múlaborgar. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur til leikskólastjóra Múlaborgar.



- Stjórnun er mjög markviss og trú stefnu skólans og leikskólastjóri er faglegur leiðtogi starfsmanna. Hlustað er á skoðanir starfsmanna, verkaskipting er nokkuð skýr og starfslýsingar eru fyrir öll störf.
- Leikskólastjóri virðist hafa mjög mikið á sinni könnu og úttektaraðilar velta því fyrir sér hvort aðstoðarleikskólastjóri og/eða deildarstjórar gætu sinnt einhverjum af þeim verkefnum sem leikskólastjóri sinnir nú, s.s. samskiptum við foreldra og starfsmenn og móttöku nýliða.
- Starfsandi er mjög góður samkvæmt viðtölum við starfsmenn og könnunum sem gerðar hafa verið í leikskólanum og á vegum Leikskólasviðs.
- Mikil þróun á sér stað í leikskólanum. Um það vitna m.a. verðlaun fyrir ýmis verkefni, samstarfssamningur við Háskóla Íslands og styrkur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna ráðgjafarhlutverks skólans og jákvæðni starfsmanna gangvart nýjungum og þróun.
- Starfsáætlun skólans er ítarlegt plagg og hefur m.a. verið rýnt af foreldraráði.
- Húsnæði er rúmgott, bæði leiksvæði barnanna og fataklefar og er það vel nýtt og almenn ánægja er með það á meðal starfsmanna og foreldra. Skólinn er vel búinn tækjum og leikföngum en frekara viðhald er nauðsynlegt, bæði utandyra sem innan, eins og athugasemdir frá Heilbrigðiseftirliti gefa m.a til kynna.

### 3. Skólanámskrá leikskóla

*Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla ber sérhverjum leikskóla að semja skólanámskrá þar sem gerð er uppeldis- og námsáætlun til lengri eða skemmri tíma þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum.<sup>55</sup> Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að í hverjum leikskóla skuli gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar.<sup>56</sup>*

#### 3.1. Skólanámskrá leikskólans Múlaborgar og tengsl við aðalnámskrá

Skólanámskrá Múlaborgar er frá árinu 2008 og er hún aðgengileg á heimasíðu leikskólans og öllum opin. Þar er tekið á starfsgrundvelli, hugmyndafræði og uppeldislegum áherslum leikskólans. Fjallað er um leikinn, þemavinnu og daglegar venjur. Tilgreint er og því lýst hvað fer fram í tengslum við námsviðin; hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi og menning og samfélag. Sérstaka námskrá fyrir elstu börnin er einnig að finna í skólanámskránni og þar er m.a. fjallað um samstarf á milli skólastiga. Einnig eru kaflar um foreldrasamvinnu, starfsmannastefnu og markmið og leiðir þeirra þátta. Þá er gerð grein fyrir mati á starfi leikskólans.<sup>57</sup>

Upphaf skólanámskrár Múlaborgar má rekja til ársins 1999 og var hún upphaflega unnin á skipulagsdögum af öllum starfsmönnum skólans og hefur verið endurskoðuð reglulega síðan.<sup>58</sup> Í viðtölum við stjórnendur og starfsmenn kom fram að skólanámskráin væri búin til í sameiningu og að allir fengju að segja sitt álit í tengslum við endurskoðun.<sup>59</sup> Ekki koma fram í námskrá Múlaborgar markmið aðalnámskrár í tengslum við námssviðin og daglegar venjur. Leiðirnar eru útskýrðar en það vantar umfjöllun um tengsl þeirra við þá þroskaþætti sem á að efla samkvæmt aðalnámskrá.

#### 3.2. Tengsl skólanámskrár skólastefnu sveitarfélags

*Sveitarfélög ábyrgð á starfsemi leikskóla og eiga sveitarfélög að bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags og setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.<sup>60</sup>*

*Stefna leikskólaráðs Reykjavíkurborgar um umönnun, uppeldi og menntun yngstu barnanna í borginni er leikskólum til leiðsagnar um stefnumótun í leikskólastarfinu. Á grunni hennar gera þeir sér eigin starfsáætlanir, auk þess sem þeir taka mið af lögum og reglugerð um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla. Áherslur starfsáætlunar Leikskólasviðs 2010 eru gleði, umhyggja og virðing.<sup>61</sup>*

Í starfsáætlun Múlaborgar fyrir skólaárið 2010-2011 kemur fram leikskólinn starfi samkvæmt og taki mið af stefnu og starfsáætlun Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar þar sem lögð er

<sup>55</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999.

<sup>56</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008. 4 gr.

<sup>57</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>58</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>59</sup> Viðtal við deildarstjóra 25. febrúar 2011 og rýnihópa leiðbeinenda 25. febrúar 2011.

<sup>60</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008.

<sup>61</sup> Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs 2010.

áhersla á nám við hæfi hvers og eins, skapandi leikskólastarf, fjölbreytni, val og sveigjanleika, lýðheilsu, öryggi, hreyfifærni og vellíðan, gæði, mat og framfarir og lýðræðislegt samstarf.<sup>62</sup> Starfsáætlun skólans er skilað rafrænt til Reykjavíkurborgar og er lögð fyrir Leikskólaráð til samþykktar.<sup>63</sup>

### 3.3. Áhersla á tiltekna þætti

Í skólanámskrá kemur það fram í markmiðum leikskólans að unnið sé eftir hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar á þann hátt að hverju barni sé mætt út frá þörfum þess og foreldranna. Einnig segir að stuðlað sé að jafnrétti í víðum skilningi. Leiðirnar eru byggðar upp á þremur lykilhugtökum; virðingu, trausti og öryggi.<sup>64</sup> Unnið er að því að gera einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn, sbr. lög um leikskóla<sup>65</sup> og er það ársmarkmið fyrir skólaárið 2010-2011. Byrjað var að vinna að þessum námskrám haustið 2009.<sup>66</sup> Í námskránum er settir fram námsþættir, s.s. málþroski, félagsþroski, hreyfiproski og tilgreind markmið og framkvæmd og leiðir að markmiðum fyrir hvern þátt. Forráðamaður og ábyrgðarmaður leikskóla skrifa undir námskrána.

### 3.4. Hugmyndafræði

Hugmyndafræði leikskólans um heiltæka skólustefnu byggir á kenningum ýmissa fræðimanna eins og áður er komið fram. Jean Piaget bendir á mikilvægi leiksins fyrir þroska barnsins og fjölgreindakenning Howard Gardner fjallar m.a. um það að allir hafi sína styrkleika og börnin eigi að fá að læra og njóta á eigin forsendum. Hafdís Guðjónsdóttir hefur fjallað mikið um nám án aðgreiningar sem gefi börnum tækifæri til þess að eiga hlutdeild í skólastarfinu og mæti náms- og félagslegum þörfum þeirra. Lev Vygotsky leggur áherslu á stuðning umhverfisins í þroska barnsins og að koma til móts við barnið þar sem það er stöð.<sup>67</sup> Skólinn hefur einnig verið að skoða High Scope hugmyndafræðina í tengslum við val barnanna. Sú ákvörðun var tekin sl. vor að búið væri að innleiða það sem stafsfolk vildi úr High Scope. Starfsmenn hefðu tileinkað sér þætti í tengslum við aga, jákvæða athygli og í samræðum við barnið en sumt af því sem prófað var hafði ekki virkað að mati starfsmanna.<sup>68</sup> Hugmyndafræði skólans er gerð skil í skólanámskrá og starfsmannahandbók.

### 3.5. Sérstakar námskrár og sérstaða skólans

***Námskrár geta verið mismunandi eftir því hvort gera á grein fyrir starfinu í heild eða einstökum þáttum þess. Leikskóli getur því einnig sett sér námskrár sem fjalla um afmarkaða þætti í leikskólastarfinu og skal kynna þær á sama hátt og skólanámskrána.***<sup>69</sup>

<sup>62</sup> Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs 2010.

<sup>63</sup> Starfsáætlun Múlaborgar 2010-2011.

<sup>64</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>65</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008, 16. gr.

<sup>66</sup> Starfsáætlun Múlaborgar 2010-2011.

<sup>67</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>68</sup> Viðtal við leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra 23. febrúar 2011. Starfsáætlun Múlaborgar 2010-2011.

<sup>69</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999:37.

### 3.5.1. Sérstaða leikskólans

Reykjavíkurborg hvetur leikskóla til þess að leggja áherslu á ákveðna stefnu eða þætti í leikskólastarfinu og marka sér þannig sérstöðu.<sup>70</sup> Sérstaða leikskólans felst m.a. í því að þar er unnið út frá hugmyndafræði um heiltæka skólafestun. Í skólanámskrá segir að það feli í sér að tileinka sér ákveðið skipulag, vinnubrögð, að vera með frjóar hugmyndir og fjölbreytta kennsluhætti. Reynt sé að sjá möguleika í margbreytilegum getuhópum og reynt að koma í veg fyrir það að nemendur séu dregnir í dilka eftir getu eða einblínt á veikleika þeirra. Múlaborg vilji vinna að því að börnin læri að bera virðingu fyrir öllum einstaklingum og fái þannig veganesti fyrir líf og starf í blönduðu samfélagi.<sup>71</sup> Starfsmenn, stjórnendur og foreldrar sögðu skólann vinna markvisst að þessari sérstöðu sinni og tekist hefði að skapa mjög fjölbreytt samfélag barna og fullorðinna þar sem tekið væri tillit til mismunandi þarfa.<sup>72</sup>

### 3.5.2. Sérstakar námskrár

Námskrá er til fyrir elstu börnin þar sem fram kemur að félags- og samskiptahæfni sé eflað í hópnum og með vinaheimsóknum í aðra leik- og grunnskóla. Síðan eru talin upp námssvið aðalnámskrár og hvað er gert í tengslum við þau.<sup>73</sup>

Einstaklingsnámskrár eru þróaðar fyrir hvert barn í samvinnu við foreldra og er það í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum.<sup>74</sup> Einstaklingsnámskrár, sem gerðar voru í samvinnu við foreldra haustið 2009, voru endurmetnar í viðtölum við þá vorið 2010. Í kjölfarið var gerð könnun á meðal foreldra um gerð slíkrar námskrár þar sem þeir voru spurðir um aðkomu sína að gerð hennar og hvort þeir vildu koma að verkinu á annan hátt en í foreldraviðtali og þá hvernig. Niðurstöður sýndu að 60% foreldra fannst þeir hafa komið hæfilega mikið að gerð einstaklingsnámskrár, 29% fannst þeir hafa komið lítið að gerð hennar og 11% ekkert. 78% foreldra sögðust ánægðir með fyrirkomulagið og 21% sögðust vilja koma á annan hátt að gerð einstaklingsnámskrár. Eftirfarandi dæmi voru nefnd: Í rýnihópi, að oftast væri foreldraviðtal og í samskiptum með tölvupósti. Á þessu ári er stefnt að því að gera deildarnámskrár með það að markmiði að gera starfið á deildunum markvissara og að það taki enn frekar mið af aldri og þroska barnanna.<sup>75</sup>

## 3.6. Þátttaka og áhrif

*Til að ná sem bestum árangri skuli allt starfsfólk leikskóla taka þátt í gerð skólanámskrár á grundvelli starfsreynslu, lífsviðhorfa og faglegrar þekkingar.*<sup>76</sup>

<sup>70</sup> Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2010.

<sup>71</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>72</sup> Viðtöl við starfsmenn, stjórnendur og foreldra 24. og 25. febrúar 2011.

<sup>73</sup> Námskrá Múlaborgar 2007.

<sup>74</sup> Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs 2010.

<sup>75</sup> Viðtal við leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra Múlaborgar 24. febrúar 2011.

<sup>76</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999:36.

Í viðtölum og á fundum með stjórnendum og starfsfólki kom fram að allir starfsmenn komi að endurskoðun námskrár.<sup>77</sup> Endurmat á skólanámskrá fer m.a. fram í umræðuhópum á starfsdögum. Einnig sögðu þeir að skólanámskráin væri sýnileg og lægi frammi á deildum leikskólans.<sup>78</sup>

### 3.7. Tengsl skólastiga

*Mikilvægt er að samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla til að stuðla að samfellu í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum. Sérstaklega er mælt með því að skólastjórar leikskóla og grunnskóla hafi með sér samvinnu og skipuleggi samstarf milli skólastiganna og taki ábyrgð á samstarfinu.<sup>79</sup>*

*Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.<sup>80</sup>*

Múlaborg á samstarf við Álftaborg og Álftamýrarskóla sem felst í því að eldri börnin í Álftamýrarskóla koma í leikskólana og ná í börnin og fylgja þeim til baka.<sup>81</sup> Börnin á Múlaborg hafa fengið að fara í leikfimi og skoða annað sem fyrstu bekkingar eru að gera. Í desember býður Álftamýrarskóli í stöðvadag úti þar sem börnin taka þátt í alls konar útikennslu. Heimsóknir í Álftamýrarskóla eru þrisvar sinnum á vetri og fyrsti bekkur Álftamýrarskóla kemur í heimsókn á Múlaborg. Þar er nemendum boðið að sjá leikrit eða aðrar uppákomur og leika sér með börnunum. Heimsóknirnar koma fram á leikskóladagatali.<sup>82</sup>

Í viðtali við stjórnendur Múlaborgar kom fram að samstarf á milli skólastiga væri erfitt í framkvæmd þar sem Múlaborg er ekki hverfisleikskóli en á Múlaborg eru börn úr öllum hverfum borgarinnar. Að frumkvæði Fjölbrautaskólans í Ármúla hefur einnig verið samstarf við hann undanfarin ár, t.d. í tengslum umhverfisvitund og *Dag Íslenskrar tungu*, en þá hafa börnin m.a. sungið með kór skólans, og gagnkvæmar heimsóknir hafa verið á milli skólanna.<sup>83</sup>

### 3.8. Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá er á margan hátt vel unnin en í hana vantar þó flest markmið leikskólastarfsins og leiðir að þeim eins og þau eru m.a. skilgreind á heimasíðu skólans og að hluta til í starfsmannahandbók. Í námskránni eru mest lýsingar á starfinu eins og það er í raun. Þrátt fyrir það að í úttektinni komi fram að námskráin sé endurskoðuð reglulega, þá hefur það ekki skilað sér í útgefna námskrá sem er frá

<sup>77</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra Múlaborgar 24. febrúar 2011.

<sup>78</sup> Viðtal við leiðbeinendur 25. febrúar 2011.

<sup>79</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999:33.

<sup>80</sup> Lög nr. 90/2008 um leikskóla, 16. gr.

<sup>81</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008. Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, fundur með deildarstjórum 24. febrúar 2011.

<sup>82</sup> Ársáætlun Múlaborgar 2010-2011.

<sup>83</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra Múlaborgar 24. febrúar 2011.

árinu 2008. Í skólanámskrá þarf að koma fram stefna, markmið og leiðir en í starfsmannabók sé frekar vikið að útfærslu námskrár og hlutverki og skyldum starfsmanna.

- Upplýsingar á heimasíðu um deildir leikskólans eru mismiklar og kom það meðal annars fram í viðtali við deildarstjóra að það væri undir hverjum og einum deildarstjóra komið að setja þar inn upplýsingar. Ástæða er til þess að hafa allar upplýsingar samræmdar á heimasíðu, í námskrá og í starfsmannahandbók. Spyrja má að því hvort ekki væri rétt að einn aðili hefði og bæri ábyrgð á öllum þeim upplýsingum sem fram koma á heimasíðu leikskólans.
- Einstaklingsnámskrár eru mjög faglegar og unnar í samvinnu við foreldra og hafa verið í þróun á leikskólanum undanfarin tvö ár.
- Svo virðist sem endurskoða þurfi tengsl skólastiga út frá sérstökum aðstæðum skólans, þ.e. háu hlutfalli barna utan hverfis. Námskrá eldri barna mætti vinna betur, að teknu tilliti til þess sem segir í lögum um leikskóla nr. 90/2008 að í skólanámskrá skuli gera grein fyrir samstarfi á milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna á milli skólastiga.

## 4. Námssvið og námsþættir aðalnámskrár

*Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólauppeldi. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag.*<sup>84</sup>

Í skólanámskrá Múlaborgar er komið inn á öll námssvið aðalnámskrár. Í skólanámskrá er ekki að finna markmið þeirra en fram kemur hvað er gert í tengslum við þau.

### 4.1. Hreyfing

*Í leikskóla ber því að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi.*<sup>85</sup>

Í skólanámskrá segir að skipulögð fjölbreytt hreyfing skuli fara fram í sal. Einnig er þar fjallað um mikilvægi útivistar í tengslum við hreyfingu.<sup>86</sup> Danskennari kom áður í leikskólann og fóru börnin í danskennslu einu sinni í viku. Vegna niðurskurðar sjá nú íþrótt- og leikskólakennari, sem eru starfsmenn skólans, um kennsluna sem endar með danssýningu og hefur það fyrirkomulag gefist mjög vel að mati stjórnenda og starfsmanna. Sérstakt skipulag er til staðar fyrir þessa kennslu og tekur það m.a. mið af aldri barnanna.

Öll börn fara út að minnsta kosti einu sinni á dag, yngri deildir fara fyrir hádegi og eldri deildir eftir hádegi. Einnig gefst eldri börnunum kostur á útiveru í vali. Íþróttakennara, sem áður sá um hreyfistundir í sal fyrir öll börn leikskólans, var sagt upp verkefnisstjórstöðu vegna niðurskurðar. Í dag skipuleggur hver og einn starfsmaður hreyfingu í sal fyrir sinn hóp.<sup>87</sup>

### 4.2. Málrækt

*... því ber að leggja áherslu á málrækt: í samtölum, með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir barnið, segja því sögur og kenna því kvæði og þulur. Einnig skal hvetja barn til að spyrja, segja frá og hlusta með athygli.*<sup>88</sup>

Í skólanámskrá kemur fram að lögð sé áhersla á það að PCS-myndir (Picture Communication Symbols) séu notaðar á öllum svæðum skólans og er dagskipulag á öllum deildum sett upp með slíkum myndum. Um myndirnar segir að þær séu meðal annars notaðar til tjáskipta fyrir þá sem geta tjáð sig að einhverju leyti en þurfa myndir sér til stuðnings. PCS myndir eru einnig notaðar í einstaklingsstundatöflum, dagskipulagi, fataklefa og vali. Tákn með tali er notað með PCS myndum.<sup>89</sup> Það að nota þessar myndir hentar að mati stjórnenda mjög vel í leikskólanum, ekki aðeins fyrir börn sem vegna fötlunar eiga erfitt með tjáskipti, heldur einnig fyrir tvítyngd börn sem eru í dag 24 talsins. Stjórnendur telja að PCS sé einnig til þess fallið að efla samskipti við foreldra þeirra. Í viðtölum við starfsmenn

<sup>84</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999.:19.

<sup>85</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999.

<sup>86</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>87</sup> Viðtal við leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>88</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999:20.

<sup>89</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008. Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

kom fram að mjög vel gengi að vinna með PCS og að aðferðin virki á öll börn í tengslum við málrækt.<sup>90</sup>

Löng hefð er fyrir tákni með tali á Múlaborg. Í tákni með tali eru tákni ávallt notuð samhliða tali, ólíkt táknmáli heyrnarlausra. Setningar eru stuttar og lykilorð í hverri setningu táknað með handahreyfingum. Starfsfólk leikskólans notar tákni með tali í öllum söng- og samverustundum og talar þá hægar og skýrar auk þess sem áhersla er lögð á lykilorðið í setningunni. Lag og tákni hvorrar viku er oftast ekki ákveðið með tilliti til veðurs, árstíðar, þema eða þess sem er í gangi í skólanum hverju sinni. Öll börn og allir starfsmenn á Múlaborg eiga sitt eigið nafnatákni. Að sögn stjórnenda, starfsmanna og foreldra hefur tákni með tali nýst afar vel t.d. börnum af erlendum uppruna og börnum sem eru sein til máls.<sup>91</sup>

Mál er örvað í minni hópum þar sem unnið er með fjórum til fimm börnum í einu. Málrækt tekur mið af aldri og þroska barnanna sbr. aðalnámskrá.<sup>92</sup> Samverustundir eru þrisvar á dag og hópnum skipt upp einu sinni á dag. Þar er sungið, hlustað á sögur og talað saman. Þetta er í samræmi við skólanámskrá.<sup>93</sup>

### 4.3. Myndsköpun

*Leikskóla ber að sjá börnum fyrir fjölbreyttum efnivið til myndsköpunar og leiðbeina og örva til sjálfstæðra verka.*<sup>94</sup>

Í skólanámskrá kemur fram að skipulagt starf í myndsköpun skuli fara fram í listaskála. Notaður skuli opinn efniviður og ekki gerðaróraunhæfar kröfur til barnanna og þeim leyft að vinna verkefni á eigin forsendum miðað við aldur og getu.<sup>95</sup> Samkvæmt stjórnendum er lögð áhersla á frumkvæði barnanna. Öll börn fara einu sinni í viku í listaskálann. Áður en farið var að skera niður fjármagn til leikskóla var verkefnastjóri yfir starfinu í salnum en sú staða hefur nú verið lögð niður. Einnig kom það fram í viðtali við stjórnendur að fram færi umræða um faglega nálgun í tengslum við myndsköpun barnanna.<sup>96</sup> Í viðtali við deildarstjóra kom fram að lögð væri áhersla á það að börnunum væri ekki stýrt, heldur fengju þau að skapa á eigin forsendum.<sup>97</sup> Í vettvangsathugun kom í ljós að börnin höfðu einnig aðgang að fjölbreyttum efniviði til myndsköpunar inni á deildum.

<sup>90</sup> Viðtal við starfsmenn 25. febrúar 2011.

<sup>91</sup> Viðtöl við stjórnendur, starfsmenn og foreldra 24. og 25. febrúar 2011.

<sup>92</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>93</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>94</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999:45.

<sup>95</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>96</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>97</sup> Viðtal við deildarstjóra, 25. febrúar 2011.



#### 4.4. Tónlist

*Leggja ber áherslu á að öll börn í leikskóla fái ríkuleg tækifæri til að njóta tónlistar og iðka hana.*<sup>98</sup>

Samkvæmt skólanámskrá er unnið daglega með tónlist á hverri deild og er aðaláhersla lögð á söng með táknum og hlustun. Boðið skal upp á skipulagða tónlistarstund í valinu.<sup>99</sup>

Í viðtali við stjórnendur kom fram að skipulagðar tónlistarstundir séu ekki lengur í vali, þar sem starfsmann vanti til þess að sinna því starfi. Verið er að vinna í því að fá einhvern af núverandi starfsmönnum til þess að sinna þessum þætti og hefur starfsmönnum verið boðinn sérstakur undirbúningstími til þess.<sup>100</sup>

#### 4.5. Náttúra og umhverfi

*Barn þarf að kynnst fjölbreytileika náttúrunnar, komast í lifandi tengsl við hana og njóta hennar ... Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess ... Einnig er ákjósanlegt að skapa tækifæri og aðstöðu í leikskóla til tilrauna og athugana barna.*<sup>101</sup>

Samkvæmt skólanámskrá er fjallað um náttúruna og umhverfið allt árið. Farið er í vettvangsferðir og til eru áhöld og tæki til náttúru- og umhverfisskoðunar. Unnið er að þessu námssviði í samverustundum og hópastarfi.<sup>102</sup> Náttúra og vísindi eru í boði tvisvar sinnum í viku í „Stóra vali“. Tveir starfsmenn hafa tekið verkefnið að sér og aðgengi er fyrir allar deildir að kennslugögnum þessu tengdu. Hluti að starfinu er að fara út með tjald, hlutum er safnað og þeir rannsakaðir og skráðir svo hægt sé að sjá breytingu á náttúrunni eftir árstíðum.<sup>103</sup>

#### 4.6. Menning og samfélag

*Leikskóla ber að nýta þau menningarlegu og félagslegu tækifæri sem umhverfi hans og staðsetning gefur kost á ... Ýmsa atburði líðandi stundar ber að taka til umfjöllunar á leikskólum með ýmsum hætti ... Leikskólanum ber að rækta virðingu barnanna fyrir öðrum, hver sem uppruni þeirra, lífsviðhorf, tunga og trúarbrögð er ... Barn í leikskóla þarf að kynnst tölvu og læra að nota hana á sinn hátt ... Tölvur skulu því vera til í leikskólum ...*<sup>104</sup>

Í skólanámskrá kemur fram að farið sé í gönguferðir um nágrennið til þess að kynnst umhverfinu og einnig séu reglulegar vettvangsferðir tengdar því sem unnið er með hverju sinni. Múlaborg er í góðu samstarfi við fyrirtæki í sínu nánasta umhverfi<sup>105</sup>, m.a. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Skýrr og Umslag ehf., en þangað fara börnin oft í heimsókn, auk þess sem fyrirtækið gefur skólanum afgangspappír.<sup>106</sup>

Um hefðir og hátíðir segir í skólanámskrá að haldið sé upp á *Evrópska tungumáladaginn* og *Dag íslenskrar tungu*. Á aðventunni er m.a. haldið jólaball og öskudagurinn er haldinn

<sup>98</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999:24.

<sup>99</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>100</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24.febrúar 2011.

<sup>101</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999:26-27.

<sup>102</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>103</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24.febrúar 2011.

<sup>104</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999:27-29.

<sup>105</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>106</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

hátíðlegur. Farin er vorferð og tvær leiksýningar eru í leikskólanum á ári.<sup>107</sup> Einnig kom fram í viðtali við stjórnendur að á konudaginn væru mömmum, ömmum og systur og frænkum boðið í kaffi og á bóndadaginn væru öfum, pöbbum og bræðrum og frændum boðið.<sup>108</sup> Í vettvangsathugun kom í ljós að í leikskólanum er safn af munum frá ýmsum löndum og er það tengt því fjölmenningslega samfélagi sem er í leikskólanum.

Samkvæmt skólanámskrá eru markmið með tölvunotkun barnanna tengd málörvun, samhæfingu, því að skiptast á, því að taka tillit til annarra, því að æfa orsök og afleiðingu og því að þjálf barnið í að hlusta og fara eftir fyrirmælum.<sup>109</sup> Fjórar tölvur eru til afnota fyrir börnin og er unnið markvisst með þær að sögn stjórnenda og starfsmanna.<sup>110</sup>

#### 4.7. Mat úttektaraðila

- Skv. skólanámskrá og skipulagi uppfyllir leikskólinn mjög vel kröfur aðalnámskrár og stefnu Leikskólasviðs um áherslupætti námsviða í leikskólauppeldi.
- Vegna niðurskurðar hefur skólinn þurft að draga úr skipulögðu starfi í tengslum við námssviðin og er það miður þar sem hann hefur byggt upp metnaðarfullt starf. Mikilvægt er að það starfsfólk skólans sem er með sérþekkingu, s.s. í tengslum við tónlist, hreyfingu og myndlist, fái svigrúm til þess að annast þessa þætti sérstaklega og hafi þar með yfirsýn yfir starfið, sér í lagi þar sem leikskólinn er fjölmennur og sinnir fjölbreytilegum þörfum.

<sup>107</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>108</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>109</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>110</sup> Fundir með stjórnendum og starfsmönnum 24. og 25. febrúar 2011.

## 5. Dagskipulag og innra starf á leikskólanum

*Í dagskipulagi leikskólustarfs þarf að ríkja jafnvægi á milli mismunandi þátta, á milli frjálsra og skipulagðra leikja, innileikja og útileikja, á milli félagslegra samskipta og einstaklingsverkefna og á milli hvíldar og þátttöku í leik og starfi. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólustarfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.<sup>111</sup>*

### 5.1. Uppeldi og menntun – dagskipulag á leikskólanum

Í starfsmannahandbók er farið yfir fasta liði í dagskipulaginu, hvað á að gera, hvers vegna og hvert sé hlutverk starfsfólks.<sup>112</sup> Ekki kemur þar fram tímasetning þessara þátta. Dagskipulag liggur fyrir á öllum deildum en ekki er hægt að sjá skipulag allra deilda á heimasíðu leikskólans.<sup>113</sup>

### 5.2. Hópatímar

*Barn þarf að læra að leika sér og starfa í hópi sem það tilheyrir. Í hópleikjum öðlast barn skilning á gildi samvinnu og þroskar með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu.<sup>114</sup>*

Um hópatíma segir á heimasíðu Múlaborgar að lítið sé svo á að hópatímar séu ekki aðeins fyrir þemavinnu því börn læri best í gegnum leik og því sé lögð mikil áhersla á leikinn sem slíkan á Múlaborg. Hópatímar eru daglega frá kl. 9:15-10:00.<sup>115</sup> Í skólanámskrá segir að börnunum sé skipt í fámenna hópa eftir aldri og í hópunum sé unnið með ýmsa þætti sem tengjast námsviðum aðalnámskrár. Í hópastarfi með elstu börnunum er, eins og segir í námskrá, oftast notuð könnunaraðferð sem er náms- og kennsluáðferð sem byggir á því að viðfangsefnið er rannsakað ítarlega af litlum hópi barna og má tengja viðfangsefnið við öll námssvið aðalnámskrár.<sup>116</sup> Fram kom í viðtali við stjórnendur að fallið hefði verið frá því að nota könnunaraðferðina í hópastarfi þar sem erfitt hefði reynst að innleiða þau vinnubrögð sem aðferðin krefðist, m.a. í tengslum við skráningu.<sup>117</sup>

Hópastarf yngri barna er oftast tengt ákveðnum þemum, s.s. litum eða líkamanum. Að sögn stjórnenda og starfsmanna er þar stuðst við könnunarleikinn. Á heimasíðu Múlaborgar, undir liðnum Deildir og í tengslum við Kisudeild, segir að könnunarleikur sé leikur með verðlaust efni fyrir börn yngri en þrjú ára. Það er búið að safna saman í poka alls konar „verðlausum“ hlutum eins og keðjum, lykllum, dósum, lokum, spöðum, tölum og borðum. Hlutunum er raðað á gólfið áður en leikurinn byrjar og þau leika sér ótrufluð án fyrirmæla frá hinum fullorðnu. Í leiknum örva þau skynfæri sín með því að hlusta, snerta, skoða og smakka og þar reyna börnin á gróf- og fínhreyfingar. Tíminn sem er notaður í tiltekt er ekki

<sup>111</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999:17.

<sup>112</sup> Starfsmannahandbók Múlaborgar.

<sup>113</sup> Heimasíða Múlaborgar. Slóð: <http://mulaborg.is>

<sup>114</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999:14.

<sup>115</sup> Heimasíða Múlaborgar. Slóð: <http://mulaborg.is>

<sup>116</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>117</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólustjóra 24. febrúar 2011.

síður mikilvægur en leikurinn sjálfur því þar læra börnin að para saman og flokka sem hvorutveggja er undirstaða stærðfræðináms barna.<sup>118</sup> Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Múlaborgar á Kisudeild, þá eru 15 af 24 börnum á deildinni í tveimur skólahópum.<sup>119</sup> Í viðtali við deildarstjóra kom fram að í hópastarfi væri tekið mið af aldri og þroska barnanna.<sup>120</sup>

### 5.3. Leikurinn

*Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barns.*<sup>121</sup>

Í skólanámskrá segir að börnin læri best í gegnum leik og því sé lögð mikil áhersla á leikinn sem slíkan á Múlaborg. Einnig segir að leikurinn sé mikilvægasta þroskaleið barnsins og fer hann meðal annars fram í vali. Í valinu taka þátt öll börn þriggja ára og eldri og nær valið yfir allan leikskólann. Í skólanámskrá segir að í leiknum sé öllum þáttum aðalnámskrár sinnt og þar fái börnin tækifæri til þess að velja viðfangsefni sem ýti undir sjálfstæði þeirra og frumkvæði.<sup>122</sup> Þar er þó ekki fjallað frekar um það til hvers leikurinn eigi að leiða í tengslum við þroska barnanna. Það kemur þó fram á heimasíðu Múlaborgar, m.a. fram í tengslum við svæðin í valinu, hvaða hlutverki leikurinn gegni í tengslum við nám barnanna. Þar segir m.a. að **sullið**, grjónin og leirinn séu mikilvæg fyrir ung börn því þar örvi þau snertiskyn sitt, einbeitingu og úthald. **Kubbar** reyni á útsjónarsemi, rök- og stærðfræðigreind, samskipti, einbeitingu og úthald. Í hlutverkaleikjum eflist félagsþroskinn. Í **spilum** reyni á barnið að læra að fara eftir reglum og spil reyni á samskipti og auki málþroska. **Hreyfing** í sal stuðli að andlegri og líkamlegri vellíðan og hreyfing hafi áhrif á samhæfingu hreyfinga, jafnvægi og öryggi barnsins aukist. **Myndsköpun** er mikilvægur tjáningarmiðill og skapandi myndmótun eflir sjálfstraust barnsins.<sup>123</sup>

### 5.4. Leikefni og efniviður

*Börn þurfa vandaðan og fjölbreyttan leikfangakost og margvíslegan efnivið til skapandi starfa.*<sup>124</sup>

Vettvangsathugun leiddi í ljós að á Múlaborg er fjölbreyttur efniviður til skapandi starfa og mikið úrval leikfanga.

### 5.5. Mat úttektaraðila.

- Leikskólinn er vel búinn af tækjum, leikföngum, efni til myndsköpunar, bókum, spilum, hljóðfærum og tækjum til hreyfingar, s.s. hringjum, boltum, dýnum o.fl.
- Jafnvægi virðist ríkja á milli mismunandi þátta í dagskipulagi.

<sup>118</sup> Heimasíða Múlaborgar.

<sup>119</sup> Heimasíða Múlaborgar.

<sup>120</sup> Viðtal við deildarstjóra 25. febrúar 2011.

<sup>121</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999:11.

<sup>122</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>123</sup> Heimasíða Múlaborgar.

<sup>124</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999:13.

- Dagskipulagið gefur leikskólastarfinu festu og þar er hæfilegur og samfelldur tími til leikja og skapandi starfs sbr. aðalnámskrá. Boðið er upp á fjölbreytt val. Í svonefndu „Stóra vali“ eru margvísleg viðfangsefni á 16 svæðum. Mikil áhersla er lögð á skapandi efnivið og verðlaust efni, t.d. í könnunarleik.
- Í skólanámskrá er athöfnum í frjálsum leik lýst, en ekki til hvers hann á að leiða í tengslum við þroska barnanna. Á heimasíðu Múlaborgar kemur aftur á móti fram, í tengslum við svæðin í valinu hvaða hlutverki þau gegna, meðal annars í sambandi við leikinn. Mikilvægt er að í námskránni séu sett fram markmið með frjálsum leik ásamt leiðum að þeim og að samræmi sé á milli heimasíðu og námskrár.

## 6. Innra mat

*Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.*<sup>125</sup>

Í skólanámskrá Múlaborgar segir að í innra mati séu einn til þrjú þættir starfsins metnir á ári hverju. Sjálfsmatsáætlun liggur fyrir í starfsáætlun. Á síðasta ári voru einstaklingsnámskrár metnar bæði í foreldraviðtölum og könnunum á meðal foreldra. Könnun var lögð fyrir starfsmenn um liðsheild og starfsanda og metin var innleiðing á High Scope hugmyndafræðinni. Notaðar eru skriflegar kannanir og óformlegt mat.<sup>126</sup> Í samvinnu við leikskólann Sólborg fór fram óformlegt mat, með stjórnendafundum og samtölum, á ráðgjafahlutverki leikskólanna. Gátlistar eru til um ýmsa þætti starfsins eins og t.d. „Stóra valið“, jafnrétti og þætti tengda aðalnámskrá. Gátlistar eru einnig notaðir á deildarfundum.<sup>127</sup> Einnig skrá starfsmenn framfarir barnanna út frá einstaklingsnámskrá á þar til gerð eyðublöð. Menntasvið Reykjavíkurborgar gerir reglulegar viðhorfskannanir á meðal starfsmanna leikskólans, síðast í apríl 2010.<sup>128</sup>

Umbótaáætlun, samkvæmt niðurstöðum innra og ytra mats, er birt í ársáætlun. Stjórnendur sögðu að í gangi væri stöðugt umbótarmat og umbætur í skólastarfinu helguðust af niðurstöðum þess og tóku starfsmenn og foreldrar undir það.<sup>129</sup> Á skólaárinu 2010-2011 munu börnin taka þátt í því að meta starf leikskólans og verður byrjað á því að fá þau til þess að meta „Stóra valið“. Börnin munu taka þátt í matinu með því að þau taka myndir og síðan verður rætt við þau um þær.<sup>130</sup>

### 6.1. Mat úttektaraðila

- Vel er staðið að innra mati skólans, sem er fjölbreytt og bæði formlegt og óformlegt, í formi kannana, gátlista og umræðna. Sjálfsmats- og umbótaáætlun liggur fyrir í starfsáætlun og umbótahugsun virðist ríkja á meðal starfsmanna og foreldra.

<sup>125</sup> Lög um leikskóla 90/2008, 18. gr.

<sup>126</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>127</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>128</sup> Starfsáætlun Múlaborgar 2010-2011. Viðtal við skrifstofustjóra Leikskólasviðs 11. mars 2011.

<sup>129</sup> Viðtöl við stjórnendur, starfsfólk og foreldra 24. og 25. febrúar 2011.

<sup>130</sup> Starfsáætlun Múlaborgar 2010-2011.


## 7. Mannauður

### 7.1 Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun

*Sveitarstjórn eða annar rekstaraðili tekur ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmanna-hópsins í samráði við leikskólastjóra. Ákvörðunin skal byggjast á mati og tillögum leikskólastjóra og miðast við aldur, þarfir og fjölda barna.*<sup>131</sup>

Á leikskólanum Múlaborg eru 31 starfsmenn í 27 stöðugildum, 23 konur og 7 karlar. Starfsfólk er ráðið inn eftir því sem þörf er á innan leikskólans.<sup>132</sup> Margir starfsmenn hafa annað móðurmál en íslensku. Þau eru rússneska, pólska, spænska, færeyska, albanska, enska og franska.<sup>133</sup> Starfsmenn leikskólans skiptast í leikskólakennara og leiðbeinendur, sem sinna uppeldi og menntun, og þroskajálfa og almenna starfsmenn sem sinna stuðningi við börn með sérþarfir. Á mynd 1 sést að faglærðir starfsmenn, þ.e. leikskólakennarar, þroskajálfar og íþróttakennari, eru 44% starfsmanna. Önnur formleg menntun á meðal starfsmanna er m.a. meistaraþráða í bókmenntum og Montesorikennari (sá starfsmaður er talinn með leikskólakennurum). Þá eru sex starfsmenn með stúdentspróf, auk þess sem margir ófaglærðir sem faglærðir starfsmenn hafa sótt fagnámskeið og aðra endurmenntun.<sup>134</sup> Árið 2009 var hlutfall leikskólakennara í leikskólum í Reykjavík 31%.<sup>135</sup> Hlutfall leikskólakennara á Múlaborg er 24% og því lægra en að meðaltali í Reykjavík. Á móti kemur annað fagmenntað starfsfólk, eins og þroskajálfar og íþróttakennari. Leikskólastjóri segist hafa það á tilfinningunni að leikskólakennarar sækji fremur í minni skólana en einnig telji sumir þeirra að Múlaborg sé erfiður leikskóli en það hafi hann reynt að leiðrétta. Sér finnst því ganga betur nú en áður að fá leikskólakennara til starfa.<sup>136</sup>

Mynd 1. Hlutfall starfsmanna eftir störfum.



<sup>131</sup> Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

<sup>132</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>133</sup> Viðtal við deildarstjóra 25. febrúar 2011.

<sup>134</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>135</sup> Starfsfólk í leikskólum 2009. Hagtíðindi.

<sup>136</sup> Samtal við leikskólastjóra 28.03.2011.

## 7.2. Verkaskipting og starflýsingar

Starflýsingar liggja fyrir í öllum störfum.<sup>137</sup> Samkvæmt viðtali við stjórnendur er farið eftir starflýsingum og hafa þær að hluta til verið lagaðar að starfsemi leikskólans. Skýr verkaskipting er á Múlaborg og er leikskólastjóri yfirmaður leikskólans og ber ábyrgð á starfsemi hans. Aðrir yfirmenn eru aðstoðarleikskólastjóri, sem leysir af í fjarveru leikskólastjóra, og yfirmaður sérkennslu, sem ber ábyrgð á sérkennslu innan leikskólans, og deildarstjórar sem bera ábyrgð á starfsemi sinna deilda.<sup>138</sup>

## 7.3. Starfsþjálfun og símenntun

Eins og fram kemur í starfsmannahandbók Múlaborgar er símenntunaráætlun gerð eftir starfsþróunarsamtöl. Símenntunaráætlun leikskólans er að finna í starfsáætlun skólans. Þar er að finna eldvarnaræfingu, tónlist og tjáningu ásamt liðsheildarferð. Þar segir einnig að starfsmenn sækji „tilfallandi námskeið og ráðstefnur eftir því sem við á hverju sinni“.<sup>139</sup> Í skólanámskrá segir að starfsfólk leikskólans taki virkan þátt í símenntun á vegum Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar.<sup>140</sup> Sérstakur námskeiðsdagur er einu sinni á ári og skipulagsdagur notaðir eftir þörfum til fræðslu og þjálfunar. Starfsfólk leikskólans er vakandi fyrir námskeiðum og ráðstefnum sem nýst geta í vinnu þeirra í leikskólanum.<sup>141</sup> Í viðtali við stjórnendur kom fram að leikskólastjóri hvetur starfsfólk til þess að fara á námskeið svo fremi sem innihald þess gagnist starfsemi leikskólans. Framlag leikskólans til símenntunar er það að ekki er dreginn af launum starfsmanna sá tími sem fer í símenntun, svo fremi sem námið fari fram á vinnutíma.

Þarfir starfsfólks fyrir fræðslu og þjálfun koma að sögn leikskólastjóra fram í starfsmannasamtölum sem leikskólastjóri á við hvern starfsmann einu sinni á ári.<sup>142</sup> Í viðtali við deildarstjóra kom fram að ýmiss konar símenntun færi m.a. fram innan leikskólans í formi fyrirlestra frá öðrum starfsmönnum leikskólans og einnig hafa utanaðkomandi aðilar komið í leikskólann með fræðslu. Deildarstjórar sögðu að endurmenntunin væri bæði tilkomin vegna eigin áhuga og vegna hvatningar frá leikskólastjóra.<sup>143</sup> Í viðtali við leiðbeinendur kom fram að símenntun hefði breyst eftir að „kreppan“ hófst og nefndu þeir í því sambandi breytingar í símenntun á vegum Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar sem lýstu sér m.a. í minnkandi framboði og væri það miður. Leiðbeinendur nefndu að leikskólastjóri léti þá vita um áhugaverð námskeið og þeir fengju hvatningu til þess að sækja námskeið.<sup>144</sup>

<sup>137</sup> Starfsmannahandbók Múlaborgar.

<sup>138</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>139</sup> Starfsáætlun Múlaborgar 2010-2011.

<sup>140</sup> Skólanámskrá Múlaborgar.

<sup>141</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>142</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>143</sup> Viðtal við deildarstjóra 25. febrúar 2011.

<sup>144</sup> Viðtal við leiðbeinendur 25. febrúar 2011.



Starfsþjálfun nýrra starfsmanna á að fara þannig fram að þegar starfsmaður byrjar, þá skal hann í fyrsta starfsmannviðtali við leikskólastjóra, fá starfsmannahandbók, skólanámskrá og ársáætlun leikskólans til yfirlestrar, sem hann þarf svo að kvitta fyrir að hafa lesið.<sup>145</sup> Deildarstjórar sögðu að nýr starfsmaður ætti að vera í eina viku með starfsmanni með reynslu á meðan hann væri að ná tökum á starfinu en slíkt væri þó ekki alltaf hægt sökum manneklu. Nýir starfsmenn lesi starfsmannahandbókina og sérstaklega sé farið yfir sérþarfir barna og þeir hvattir til þess að lesa sér til um þroskafrávik en einnig sjái þroskaþjálfar um fræðslu um frávikin. Starfsmannahandbókin nýtist vel að mati deildarstjóra og er hún notuð til þess að samræma vinnubrögð og til þess að starfsfólk viti hvað á að gera, hvenær og hvers vegna.<sup>146</sup> Í viðtali við starfsmenn sem nýlega höfðu hafið störf við leikskólann kom fram að upplifun á móttöku var misjöfn og ekki samræmi í henni.

#### 7.4. Fundir og boðskipti

Stöðufundir eru á hverjum morgni og þar ræða deildarstjórar og leikskólastjóri um starf dagsins og hvernig best sé að haga því. Deildarstjórafundir eru haldnir tvisvar sinnum í mánuði og þar er meðal annars rætt um það sem betur mætti fara og þar á sér stað fagleg umræða um starfið. Deildarfundir eru á tveggja vikna fresti. Á þeim fundum er skoðað hvernig best sé að haga starfinu með þarfir barnanna að leiðarljósi. Einnig er rætt um starfið á deildinni. Á deildarfundum er starfsmönnum kynnt það sem ákveðið hefur verið á deildarstjórafundum.<sup>147</sup> Ekki er fjallað um markmið og skipulag funda í starfsmannahandbók.

Fram kom í viðtali við stjórnendur að starfsmannafundir hefðu verið lagðir af vegna niðurskurðar en í þeirra stað hafi bæst við einn skipulagsdagur á ári og séu þeir nú fimm. Ekki er talið að það hafi komið að sök að fækka starfsmannafundum.<sup>148</sup>

#### 7.5. Jafnrétti

Á heimasíðu Múlaborgar segir að markmið leikskólans sé að stuðla að jafnrétti allra barna.<sup>149</sup> Í ársáætlun segir að á Múlaborg sé lögð áhersla á víðan skilning á hugtakinu jafnrétti. Lögð er áhersla á mannréttindi og að fjölmennings- og jafnréttissjónarmiðum sé framfylgt í hvívetna. Einnig segir að unnið sé eftir lögum um jafna stöðu kynjanna.<sup>150</sup>

Eins og áður er komið fram, þá var leikskólinn tilnefndur til hvatningaverðlauna ÖBÍ sem eru veitt einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum sem þykja skara fram úr og endurspeglar áherslur um jafnrétti, sjálfstætt líf og þátttöku fatlaðra í samfélaginu.<sup>151</sup> Í viðtali við foreldra

<sup>145</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>146</sup> Viðtal við deildarstjóra 25. febrúar 2011.

<sup>147</sup> Viðtal við deildarstjóra 25. febrúar 2011.

<sup>148</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>149</sup> Heimasíða Múlaborgar. Slóð: <http://mulaborg.is>

<sup>150</sup> Ársáætlun Múlaborgar 2010-2011.

<sup>151</sup> Heimasíða Öryrkjabandalags Íslands.

kom það fram varðandi styrkleika leikskólans að hann fælist m.a. í þeirri jafnréttishugsun sem þar ríkti og hvernig hún væri framkvæmd í tengslum við kyn og þjóðerni.<sup>152</sup> Þá fékk leikskólinn verðlaun fyrir verkefni á vegum sveitarfélaga um jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum skólaárið 2008-2009.

## 7.6. Mat úttektaraðila

- Vel er staðið að mannauðsmálum á Múlaborg. Starfsmannastefna er til staðar, starfslýsingar liggja fyrir og leikskólastjóri á starfsmannasamtöl við starfsfólk.
- Hlutfall faglærðra starfsmanna á Múlaborg er í heild 41%. Leikskólakennarar eru 24% sem er lægra en hlutfall leikskólakennara í Reykjavík (31%). Telja má eðlilegt, m.a. í ljósi fjölbreyttrar starfsemi skólans, að hlutfall leikskólakennara á Múlaborg sé sambærilegt við það sem það er í Reykjavík. Ástæða er því til þess að skoða hvort hægt sé fjölga leikskólakennurum við skólann.
- Starfsmenn eru af mörgum þjóðernum og með fjölbreytta menntun sem verður að teljast styrkur í skóla sem leggur áherslu á það að vinna eftir stefnu um skóla án aðgreiningar
- Fjölbreytt símenntun fer fram á Múlaborg, þarfir eru greindar í starfsmannasamtölum og leikskólastjóri hvetur starfsmenn til símenntunar. Fram kom að leiðbeinendum þótti miður að dregið hefði úr framboði símenntunar hjá Leikskólasviði Reykjavíkurborgar.
- Jafnréttisstefna skólans birtist á fjölmargan hátt, m.a. í viðhorfi starfsmanna og foreldra, jöfnum rétti allra barna í skólastarfinu og í hlutfalli karla í starfsmannahópnum sem er hátt miðað við aðra leikskóla, eða 22,3%.
- Mikið samráð er haft við starfsmenn um innra starf skólans sem sést í skipulögðum fundum stjórnenda, deildarstjóra og deilda og kemur einnig fram í samtölum við starfsmenn. Markmið og skipulag funda mætti vera tilgreint í starfsmannahandbók.

---

<sup>152</sup> Viðtal við foreldra 25. febrúar 2011.

## 8. Börnin

Í leikskólanum eru 81 börn, 47 drengir og 33 stúlkur. Heildardvalarstundir nú eru 670. 12 börn njóta sérkennslu í 76 klukkustundir á dag. 27 börn í leikskólanum eru tvítyngd og þar af eru 10 af erlendu bergi brotin. Daglegur vistunartími barnanna er misjafn, frá 6 klst. í 9,5 klst. Flest börn verja átta klukkustundum í leikskólanum, eins og sést í töflu 1 þar sem fram kemur vistunartími og fjöldi barna.

Dvalartími	6 klst.	7 klst.	8 klst.	8,5 klst.	9 klst.	9,5 klst.	Samtals
Fjöldi barna	1	4	45	17	13	1	81

Tafla 1. Vistunartími í Múlaborg.

### 8.1. Líðan

Rætt var við sex börn á Múlaborg í elstu deild leikskólans, þrjár stúlkur og þrjú drengi. Misjafnt var hvað börnunum fannst gaman að gera í leikskólanum en þau nefndu í því sambandi það að lita, byggja úr legó, púsla og að vera á bókasafninu. Það sem var leiðinlegt að mati barnanna var m.a. hvíld og þegar einhver væri að hrekkja þau. Börnin voru spurð um það hvað þau gerðu þegar einhver væri að hrekkja og þá sögðust þau tala við „fóstrurnar“. Í viðtali við foreldra kom fram að þau teldu að börnum sínum liði mjög vel í leikskólanum.

### 8.2. Lýðræði

Fram kom í viðtalinu við börnin að það væri leikskólastjórinn sem réði eða „fóstrurnar“. Skiptar skoðanir voru á meðal barnanna um það hvort þau sjálf réðu einhverju í leikskólanum. Sum sögðu að þau réðu ekki neinu en önnur að þau réðu „hvað við leikum með“.<sup>153</sup> Leikskólastjórinn og „fóstrurnar“ ráða að þeirra mati. Verið er að auka lýðræðislega aðkomum barnanna í leikskólastarfinu og munu á næstu mánuðum taka þátt í því að meta „Stóra valið“.<sup>154</sup>

### 8.3. Mat úttektaraðila

- Börnunum virðist almennt líða vel í leikskólanum að sögn þeirra sjálfra, foreldra og starfsmanna.
- Börnunum finnst þau ekki hafa nægileg áhrif, þótt þau fái t.d. að ráða því í hvaða leik þau fari. Jákvætt er að leikskólinn undirbýr það nú að börnin fái að taka þátt í því að meta starfið og hafi þannig meiri áhrif.

<sup>153</sup> Viðtal við sex börn í Múlaborg 25. febrúar 2011.

<sup>154</sup> Ársáætlun Múlaborgar 2010-2011.

## 9. Foreldrar

*Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náðið samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.<sup>155</sup>*

Í námskrá kemur fram markmið foreldrasamstarfsins en þar segir að samskipti starfsfólks og foreldra eigi að byggjast á trausti og virðingu.<sup>156</sup> Stjórnendur segja mjög gott foreldrasamstarf á Múlaborg. Tekið var fram að til þess að ná til allra foreldra, sem eru af ýmsum þjóðernum, væru notaðar samskiptabækur til þess að tryggja góð samskipti og alltaf væri kallað eftir túlk til þess að tryggja gagnkvæm samskipti.<sup>157</sup>

Í viðtali við foreldra kom fram að þeir voru almennt mjög ánægðir með leikskólann og sögðu m.a. að góð samskipti væru á milli foreldra, starfsmanna og leikskólastjóra og yfirleitt væri tekið vel í athugasemdir foreldra. Eitt foreldri sagði að starfsfólki þætti vænt um börn þess og væntumþykjan væri gagnkvæm. Einnig kom fram að vel væri tekið á móti börnunum og þau hvött í lok dags. Það viðhorf kom fram í foreldrahópnum að mikil hugsun væri í skólanum um það að mismuna ekki börnum með sérþarfir og gæti það stundum leitt til þess að gengið á rétt þeirra „venjulegu“. T.d. þegar börn, sem væru oft óþæg, fengju verðlaun þegar þau höguðu sér vel en ekki þau sem alltaf höguðu sér vel.<sup>158</sup>

### 9.1. Foreldraráð

*Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið ... Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.<sup>159</sup>*

Foreldraráð hefur starfað á Múlaborg frá árinu 2008. Í því sitja tvær konur og einn karl. Til samanburðar má geta þess að hlutfall kynja í foreldraráðum íslenskra leikskóla er 80,1% konur og 19,9% karlar.<sup>160</sup> Hlutverk ráðsins er að gefa umsögn varðandi ýmsa þætti starfsins og gaf það m.a. annars umsögn um ársáætlun fyrir skólaárið 2010-2011. Ráðið hefur að sögn leikskólastjóra sinnt öllum skyldum sínum nema þeirri að standa fyrir kynningum á skólanámskrá og ársáætlun.<sup>161</sup> Fundað er með foreldraráðinu tvisvar til þrisvar á ári.<sup>162</sup>

<sup>155</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008, 12. gr.

<sup>156</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>157</sup> Viðtöl við stjórnendur 24. og 25. febrúar 2011.

<sup>158</sup> Viðtal við foreldra 25. febrúar 2011.

<sup>159</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008, 11. gr.

<sup>160</sup> Könnun meðal leikskólastjóra á innleiðingu og framkvæmd laga um leikskóla. Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

<sup>161</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>162</sup> Ársáætlun Múlaborgar 2010-2011.

## 9.2. Foreldrafélag

Um foreldrafélagið segir í skólanámskrá að foreldrafélag sé starfandi fyrir alla foreldra/forráðamenn barna í leikskólanum. Aðalfundur er haldinn að hausti og þar er starfsemi foreldrafélagsins kynnt. Í stjórn foreldrafélags sitja tveir foreldrar af hverri deild, ásamt tveim fulltrúum frá leikskólanum.<sup>163</sup> Foreldrafélag Múlaborgar sér um uppákomur á skólatíma barnanna, s.s. leiksýningar<sup>164</sup> og hefur fært leikskólanum ýmsar gjafir, s.s. myndavél, hjól og hljómtæki.<sup>165</sup>

## 9.3. Lýðræði og þátttaka

Í kafla um lýðræðislegt samstarf í leikskólum segir í Stefnu og starfsáætlun Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2011 að foreldrar séu samstarfsaðilar leikskólans á jafnréttisgrundvelli og séu foreldrar hvattir til virkrar þátttöku í uppeldi og menntun barna sinna. Stutt er við foreldrasamstarfið með markvissri upplýsingamiðlun.<sup>166</sup> Eins og áður er fram komið, þá hafa foreldrar átt hlutdeild að starfi leikskólans með ýmsu móti og tekið þátt í könnunum, bæði á vegum Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar og skólans, t.d. um einstaklingsnámskrár.

Í viðtölum við stjórnendur og foreldra kom fram að breytingar hefðu orðið á foreldrafundum vegna niðurskurðar. Nú væru foreldrafundir haldnir að morgni til, fyrir hverja deild fyrir sig. Þetta hefur leitt til þess að færri foreldrar mæta á fundina og einnig töluðu foreldrar um það að erfiðar væri nú en áður að fá frí til þess að mæta á fundi og þá enn frekar ef þeir ættu börn á tveimur deildum.<sup>167</sup>

## 9.4. Samskipti heimilis og leikskólans

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og er foreldrum frjálst að óska eftir frekari viðtölum. Einn foreldrafundur er haldin á hverju hausti.<sup>168</sup> Í viðtali við stjórnendur kom fram að eitt markmiða einstaklingsnámskrár sé að efla samskipti á milli heimilis og leikskólans.<sup>169</sup> Í viðtali við foreldra kom fram að viðtölin væru frábær og „strúktúr“ þeirra og framkvæmd góð. Mikil vinna hefði verið lögð í einstaklingsnámskrár og góð samvinna væri um uppeldi barnanna á milli leikskólans og foreldranna.<sup>170</sup> Til þess að tryggja góð samskipti við foreldra með annað móðurmál en íslensku eru teknar myndir af barninu í leikskólanum og barnið kemur með myndir að heiman.<sup>171</sup>

<sup>163</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008.

<sup>164</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>165</sup> Viðtal við deildarstjóra 25. febrúar 2011.

<sup>166</sup> Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2011.

<sup>167</sup> Viðtöl við stjórnendur og foreldra 24. og 25. febrúar 2011.

<sup>168</sup> Ársáætlun Múlaborgar 2010-2011.

<sup>169</sup> Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra 24. febrúar 2011.

<sup>170</sup> Viðtal við foreldra 25. febrúar 2011.

<sup>171</sup> Viðtal við leik- og sérkennslustjóra 25 febrúar 2011.

## 9.5. Mat úttektaraðila

- Foreldraráð hefur verið starfandi frá árinu 2008 og hefur komið að ýmsum málum, s.s. að því að rýna ársáætlun.
- Góð samvinna er á milli skólans og foreldra um uppeldi barnanna, sem kemur m.a. fram í gerð einstaklingsnámskrár sem foreldrar voru einkar ánægðir með, en það kom bæði fram í úttektinni og í könnunum á meðal foreldra.
- Foreldrafélag Múlaborgar er virkt og hefur m.a. séð um ýmsar upptakomur á skólatíma barnanna.
- Í úttektinni kom fram almenn ánægja foreldranna með skólann. Foreldrar töldu það tækifæri fyrir skólann að bæta við tveimur deildum, þannig að fleiri börn fengju að njóta góðs skóla.
- Breytt efnahagsstaða virðist hafa haft áhrif á foreldrasamstarfið. Foreldrafundir eru nú innan starfstíma leikskólans en foreldrar segja erfiðara en áður að fá frí úr vinnu til þess að sækja fundi eða aðra viðburði á vinnutíma.

## 10. Sérkennsla barna og sérfræðipjónusta sveitarfélagsins

*Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum.<sup>172</sup>*

*Á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðipjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðipjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Leikskólastjóri skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir.<sup>173</sup>*

Á Múlaborg er yfirmaður sérkennslu í leikskólanum í 100% starfi. Einnig starfa þar sex þroskaþjálfar. Áhersla er lögð á það að börn, sem þurfa á sérkennslu að halda, séu ekki tekin út af deild sinni, heldur fá þau stuðning í daglegu starfi á sinni deild. Börn sem hafa fengið greiningu frá Greiningarmiðstöð Íslands og sem talið er að þurfi á stuðning að halda, hafa sinn fulltrúa hjá miðstöðinni. Þau börn sem þurfa að fara til sjúkra- og eða iðuþjálfna fá þá þjónustu frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra. Starfsmenn Múlaborgar fara þangað með börnin og starfsmenn Styrktarfélagsins koma með börnin til baka. Foreldrar barna, sem þurfa aðstoð talmeinafræðings, sjá sjálf um að koma börnunum í þá þjálfun.

Múlaborg er í samstarfi við 42 sérfræðinga utan leikskólans vegna barna með sérþarfir. Allir starfsmenn taka þátt í sérkennslunni og þurfa að vera meðvitaðir um það í hverju hún felst og hvað ber að gera. Í því skyni er farið yfir einstaklingsnámskrár barnanna á þriggja mánaða fresti. Leikskóla- og sérkennslustjóri lögðu áherslu á það að komið væri til móts við öll börn á forsendum stefnu leikskólans um heiltæka skólafestu. Yfirmaður sérkennslunnar ber ábyrgð á henni gagnvart starfsmönnum og foreldrum.<sup>174</sup>

### 10.1. Samstarf sérfræðipjónusta sveitarfélags og ríkis

Á vef Reykjavíkurborgar segir að sérkennsluráðgjafar starfi á þjónustumiðstöðvum í hverjum borgarhluta. Þeir veita ráðgjöf, fræðslu og handleiðslu til foreldra, starfsfólks og stjórnenda leikskóla um umönnun, uppeldi og þjálfun barna með sérþarfir. Leikskólastjórar bera ábyrgð á umsóknum um stuðning fyrir börn í sínum skóla og senda hana til Leikskólasviðs. Umsóknum fylgja greiningarniðurstöður. Sérstakt úthlutunarteymi sér um að meta umsóknir á grundvelli greininga og úthlutar til leikskóla eða barna.<sup>175</sup> Stjórnendur sögðu í viðtali að langur biðlisti væri eftir þjónustu hjá þjónustumiðstöðinni.<sup>176</sup> Níu sérfræðingar í leikskólamálaum á Leikskólasviði Reykjavíkurborgar veita leikskólum faglegan stuðning og ráðgjöf við nýbreytni og skólapróun og sinna eftirliti. Sérfræðingarnir eru leikskólakennarar, fimm þeirra hafa lokið meistaraáráðu en hinir hafa lokið eins til tveggja ára framhaldsnámi.<sup>177</sup>

<sup>172</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999:15.

<sup>173</sup> Lög um leikskóla 90/2008, 21. og 22. gr.

<sup>174</sup> Viðtal við leikskóla- og sérkennslustjóra 23. febrúar 2011.

<sup>175</sup> Heimasíða Reykjavíkurborgar.

<sup>176</sup> Viðtal við leikskóla- og sérkennslustjóra 23. febrúar 2011.

<sup>177</sup> Viðtal við skrifstofustjóra Leikskólasviðs 11. mars 2011.

Sum börn fá greiningu á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og ef sú greining leiðir í ljós frávik í þroska, þá hefur heilsugæslustöðin samband við leikskólann og eru þá haldnir skilafundir til þess að ákveða hvað eigi að gera í tengslum við þroskafrávik hjá barninu. Einnig leitar Heilsugæslan til leikskólans til þess að fá upplýsingar. Góð samvinna er á milli Heilsugæslunnar og leikskólans og töldu leikskóla- og sérkennslustjóri að það væri mjög gott að Heilsugæslan sæi um að gera þroskamát á öllum börnum. Einnig nefndu þeir samstarf við þroska- og hegðunarstöð<sup>178</sup> sem, samkvæmt heimasíðu Heilsugæslunnar, sinnir sérhæfðri greiningu og ráðgjöf vegna þroska- og hegðunarfrávika hjá börnum.<sup>179</sup>

## 10.2. Mat úttektaraðila

- Mjög vel er staðið að stuðningi við börn með sérþarfir á leikskólanum en skólinn á í samstarfi við fjölda sérfræðinga og stofnanir utan skólans.
- Sérfræðipjónustu sveitarfélags og ríkis er fjölbreytt og í úttektinni kemur fram að hún hefur nýst leikskólanum að mestu leyti vel.

---

<sup>178</sup> Samtal við leikskóla- og sérkennslustjóra 24. febrúar 2011.

<sup>179</sup> Heimasíða Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Slóð: <http://www.heilsugaeslan.is>.



## 11. Mat og eftirlit sveitarfélagsins

*Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahlads, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnusinnar og áætlanir um umbætur.*

*Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.<sup>180</sup>*

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar hefur markað skýrar áherslur í starfi leikskóla og sett fram skólastefnu, starfsmannastefnu og jafnréttisstefnu. Ytra mat sviðsins felst í reglulegum viðhorfskönnunum á meðal foreldra og starfsmanna leikskóla, það fylgir því eftir að rekstrar- og ársáætlun sé skilað og samþykkir þær. Einnig er skólanámskrá skilað til sviðsins.<sup>181</sup>

Þá fundar fjármálastjóri Leikskólasviðs reglulega með leikskólastjórum.<sup>182</sup> Að sögn skrifstofustjóra Leikskólasviðs hefur Múlaborg ávallt staðið skil á ársáætlun, skólanámskrá, fjárhagsáætlun og innra mati.

### 11.1. Mat úttektaraðila

- Mjög vel er staðið að mati og eftirliti Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, bæði rekstrarlega og faglega, í formi kannana og eftirfylgni með skilum á rekstraráætlun, starfsáætlun og skólanámskrá.
- Múlaborg hefur ávallt staðið skil á þeim gögnum sem Leikskólasvið hefur óskað eftir.

<sup>180</sup> Lög um leikskóla 90/20098, 19. gr.

<sup>181</sup> Skólanámskrá Múlaborgar 2008. Viðtal við skrifstofustjóra Leikskólasviðs 11. mars 2011.

<sup>182</sup> Viðtal við skrifstofustjóra Leikskólasviðs 11. mars 2011.

## 12. Niðurstöður höfunda

### 12.1 Styrkleikar og veikleikar, ógnanir og tækifæri

Í viðtölum voru stjórnendur, kennarar, starfsmenn, foreldrar og fulltrúi sveitarfélags spurðir út í styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri leikskólans Múlaborgar. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila ásamt mati úttektaraðila.

Styrkleikar	Veikleikar	Ógnanir	Tækifæri
Skýr stefna og markmið. Metnaðarfullt starf	Ósamræmi í móttöku nýrra starfsmanna	Niðurskurður á fjárframlögum til leikskólans	Frekari þróunarverkefni
Sterkur faglegur leiðtogi	Húsnæði þarfnast víða viðhalds	Launakjör starfsmanna	Ráðgjöf leikskólans um heiltæka skólastefnu og skóla án aðgreiningar
Öflugt starfsfólk. Góð liðsheild		Ef leikskólastjóri lætur af störfum. "Leikskólastjóri er hjartað í leikskólanum"	Útikennsla
Mikið af fagfólki og löng reynsla af starfi með börnum með sérþarfir			
Meðvitund starfsfólks um stefnu og sérstöðu skólans			
Fjölmening/margbreytileiki			
Lýðræðisleg stjórnun			
Þátttaka starfsmanna í endurskoðun skólanámskrár og innra mati			
Fjölbreytt þróunarverkefni			
Jafnréttishugsun og framkvæmd jafnréttis varðandi ólíka einstaklinga, kyn, þjóðerni o.fl.			
Einstaklingsnámskrár			
Öflugt foreldrastarf. Góð samvinna um uppeldi á milli leikskólans og foreldra			
Samstarf við Háskóla Íslands			
Ráðgjöf til annarra leikskóla o.fl.			
Markvisst innra mat			

### 12.2. Tillögur til úrbóta

1. Skilgreina þarf betur markmið og leiðir skólastarfsins í skólanámskrá og samræma upplýsingar í námskrá, starfsmannahandbók og á heimasíðu.
2. Móttaka og þjálfun nýrra starfsmanna verði samræmd á leikskólanum. Útbúin verði skrifleg þjálfunaráætlun fyrir öll störf.
3. Endurskoða þarf tengsl skólastiga út frá sérstökum aðstæðum skólans, þ.e. hátt hlutfall barna utan hverfis. Móta þarf markmið og leiðir í samstarfinu.
4. Skoða þarf hvort hægt sé að fjölga leikskólakennurum við skólann til samræmis við hlutfall í Reykjavík.

### 13. Heimildaskrá

1. Aðalnámskrá leikskóla, 1999. Reykjavík, menntamálaráðuneytið.
2. Ársáætlun Múlaborgar 2010-2011.
3. Heimasíða Hagstofu Íslands. <http://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=11121>
4. Heimasíða Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. <http://www.heilsugaeslan.is>
5. Heimasíða leikskólans Múlaborgar. <http://mulaborg.is>
6. Heimasíða Reykjavíkurborgar. [http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-3806/6354\\_view-2272/](http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-3806/6354_view-2272/)
7. Heimasíða Staðlaráðs. <http://www.stadlar.is>
8. Heimasíða Öryrkjabandalags Íslands: <http://www.obi.is>
9. Könnun meðal leikskólastjóra á innleiðingu og framkvæmd laga um leikskóla. Unnið af Félagsvísindastofnun fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið 2010.
10. Ráðgjöf og heimsóknir á Múlaborg 2009-2010. Samantekt leikskólastjóra í febrúar 2011.
11. Lög um leikskóla nr. 90/2008.
12. Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla 655/2009.
13. Reglubundið heilbrigðiseftirlit á leikskólalóð Múlaborgar. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur til leikskólastjóra Múlaborgar.
14. Skólanámskrá Múlaborgar 2008.
15. Starfsfólk í leikskólum 2009. Hagtíðindi. <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=11121>
16. Starfsmannahandbók Múlaborgar 2011.
17. Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2010.
18. Viðhorfskönnun fyrir Leikskólasvið 2010. Múlaborg. Reykjavíkurborg. Mannauðsskrifstofa.

